

Skýrsla Verslunarráðs Íslands til Viðskiptaþings 2005

## 15% LANDIÐ ÍSLAND

Einfaldara skattkerfi eykur velmegun



Reykjavík 2005

Reykjavík, febrúar 2005

ISBN 9979-9635-2-2

Rit þetta má afrita með leyfi Verslunarráðs Íslands

# Efnisyfirlit

<b>Samantekt.....</b>	<b>9</b>
<b>English summary.....</b>	<b>11</b>
1. <b>Inngangur .....</b>	<b>15</b>
2. <b>Breytingar til batnaðar.....</b>	<b>17</b>
3. <b>Reynsla annarra ríkja.....</b>	<b>21</b>
Flatur skattur .....	22
Flatskattslöndunum fjölgar .....	24
4. <b>Ísland — höfn höfuðstöðva .....</b>	<b>27</b>
Samkeppnin er alls staðar og fer vaxandi .....	28
Við erum á réttri leið.....	31
... en önnur lönd stefna í sömu átt .....	34
... og samkeppnisstaða Íslands er á sumum sviðum slök .....	36
Nýtum okkur sóknarfærin .....	39
Söluhagnaður verði undanþeginn skattlagningu .....	40
Afdráttarskattar af arði til erlendra hluthafa felldir niður.....	44
... og tökum af festu á skattsvikum .....	47
5. <b>15% landið Ísland.....</b>	<b>51</b>
Tekjuskattur einstaklinga verði 15%.....	53
Gallar núverandi kerfis.....	55
Hlutfall útsvars og tekjuskatts.....	56
Útrás hátekjufólks .....	57
Tvær tillögur að útfærslu 15% tekjuskatts .....	62
Tillaga 1: 15% tekjuskattur, útsvar og bótaferfi óbreytt .....	62
Tillaga 2: 15% tekjuskattur með útsvari, barnabætur hækkaðar, tekjutengdur persónuafsláttur og vaxtabætur afnumdar .....	67

Virðisaukaskattur 15% .....	72
Kostir og gallar virðisaukaskattskerfisins.....	73
Áhrif breytingatillagna Verslunarráðs .....	77
Tekjuskattur fyrirtækja 15% .....	78
<b>6. Ísland sem forystuland .....</b>	<b>81</b>
Flatur skattur .....	82
Höfn höfuðstöðva .....	82
15% landið Ísland.....	82

# Rammagreinar

Hong Kong .....	23
Dæmi frá Ungverjalandi.....	29
Dæmi frá Írlandi .....	30
Tekjur koma frá erlendum stórfyrirtækjum.....	32
Raunveruleg skattbyrði skiptir máli .....	35
Að fá sem mest út úr því fjármagni sem til er .....	42
Af hverju erlend eignarhaldsfélög?.....	44
Hvað eru jaðarskattar?.....	53
Jaðarskattar sverfa að konum .....	58
Laffer-ferillinn og skilvirkasta skatthlutfall .....	61
Áhrif á tekjulága einstaklinga.....	65
Eistar taka upp flatt skatthlutfall.....	66
Skattlausa árið 1987.....	71
Flókið skattkerfi ekki einsdæmi .....	73
15% flatt vörugjald á allar bifreiðar .....	74
Verum á verði gagnvart skattahækkunum .....	76
Allar vörur og þjónusta bera virðisaukaskatt.....	78
Vöxtur samneyslu .....	78

Ritstjórn skýrslunnar var í höndum  
Þórs Sigfussonar framkvæmdastjóra VÍ  
Sigríðar Á. Andersen lögfræðings VÍ og  
Halldórs Benjamíns Þorbergssonar.

Sérstakar þakkir eru færðar þeim *Sigurði Ólafssyni*, Verðbréfaskráningu Íslands, *Steingrími Ara Arasyni*, Lánaþjóði íslenskra námsmanna, *Guðmundi Ólasyni*, Norræna fjárfestingarbankanum og *Bjarnfreði Ólafssyni*, Taxis lögmönnum ehf. sem lásu yfir texta í lokadrögum. Auk þeirra er *Nökkva Bragasyni*, starfsmanni fjármálaráðuneytisins þökkuð veitt aðstoð við söfnun tölulegra gagna.

VÍ þakkar þátttakendum í starfshópum fyrir gott samstarf og minnir á að með þátttöku í starfshópum felst ekki endilega að einstakar skoðanir eða ályktanir sem settar eru fram í skýrslu til Viðskiptaþings 2005 séu í samræmi við sjónarmið allra þeirra sem tóku þátt í gerð hennar.

Að gerð þessarar skýrslu komu fjölmargir félagar Verslunarráðs og aðrir. Eftirfarandi einstaklingum er þökkuð aðstoð við gerð skýrslunnar:

<i>Guðmundur Snorrason</i>	Grant Thornton
<i>Sigurður Ólafsson</i>	Verðréfaskráningu Íslands
<i>Steingrímur Ari Arason</i>	Lánaþjóði íslenskra námsmanna
<i>Guðmundur Ólason</i>	Norræna fjárfestingarbankanum
<i>Katrín Ólafsdóttir</i>	Háskólanum í Reykjavík
<i>Bjarnfreður Ólafsson</i>	Taxis lögmönum ehf.
<i>Tanya Zharov</i>	Íslenskri erfðagreiningu ehf.
<i>Vala Valtýsdóttir</i>	Taxis lögmönum ehf.
<i>Sigþrúður Ármann</i>	Verslunarráði Íslands
<i>Jónas Þór Steinarsson</i>	Bílgreinasambandinu





## Samantekt

Íslenskt skattaumhverfi hefur batnað umtalsvert á síðustu árum og ríkisstjórnir hafa sýnt kjark til að lækka skattahlutföll. Þær lækkanir hafa reynst góð búbót fyrir ríkissjóð og aukið kraft efnahagslífsins.

Pótt Íslendingar hafi tekið ákveðin skref í átt til lægri skatthlutfalla og einfaldara kerfis eru ýmsar þjóðir á svipaðri leið og sumar hafa gengið enn lengra með upptöku flats skatts á allar tekjur. Verslunarráð Íslands leitar svara við því í þessari skýrslu hvernig flatur 15% skattur á tekjur fyrirtækja, einstaklinga og neyslu gæti litið út.

Í hugmyndum Verslunarráðs um 15% landið er komið til móts við tekjulága einstaklinga og fjölskyldur með tekjutengdum persónuafslætti og hærri barnabótum. Sýnt er fram á að tillagan gæti þýtt að skattar á hverja umframkrónu sem lág- eða meðaltekjufólk aflar lækki úr allt að 50 í rétt um 30 af hundraði. Háir jaðarskattar búa til fátækragildru og eru vinnuletjandi en hugmyndir ráðsins miðast fyrst og fremst við lækkun þeirra.

Verslunarráð telur að hvert prósentustig í lækkun tekjuskatts kosti ríkissjóð um 3-4 milljarða króna. Hins vegar leggur ráðið á herslu á að með einföldun kerfisins dregur verulega úr skattaundanskotum, sem eins og sakir standa, eru talin nema um 4-5% af landsframleiðslu. Að sama skapi munu vinnuhvetjandi áhrif nýs skattkerfis leiða til aukinna veltuáhrifa og endurskoðun ýmissa bóta og afslátta léttir byrðum af ríkissjóði. Auk þess áréttar Verslunarráð að lækkun skatta sé góður hvati fyrir stjórnvöld til að skoða af fullri alvöru leiðir til sparnaðar og ráðdeilda í ríkisrekstri.

Verslunarráð bendir einnig á að Ísland geti orðið höfn höfuðstöðva íslenskra og erlendra fyrirtækja. Til þess að svo verði þarf lág skatthlutföll og aukið samstarf milli stjórnvalda og viðskiptalífs. Með samstilltu átaki má margfalda umsvif Íslands sem höfn höfuðstöðva og renna þannig frekar stoðum undir íslenskt efnahagslíf.



## English summary

For many years the Iceland Chamber of Commerce has championed new ideas that have contributed to the Icelandic economy. On this occasion, the report to the Business Forum 2005 covers how the competitive position of Iceland can be improved with new ideas on tax issues.

The Icelandic tax environment has improved considerably in recent times: governments have showed the courage to lower the income tax rate, which has historically been a strong source of income for the Treasury and increased the strength of the economy. Whilst Icelanders have taken certain steps towards a lower income tax rate and a more simple system, other nations are on a similar path and some have gone even further with the adoption of flat tax rate on all earnings. In this report, the Chamber examines the possible consequences of adoption of a flat fifteen percent tax rate on income for companies, individuals and domestic consumption.

In the chamber's ideas on "The Fifteen Percent Country", low income individuals and families are assisted by income-linked personal tax credit and increased child allowance. This proposal could mean that tax on every additional króna earned in excess of the low or average wage will be reduced from around fifty to thirty percent. High marginal taxes lead to a poverty trap, where people are discouraged to work. The Chamber's innovation aims to eliminate this trap and remove disincentives for work.

The Chamber believes that every percentage in lowered income tax costs the Treasury about 3-4 billion krónur. On the other hand the Chamber emphasises that simplification of the system will significantly reduce the level of tax evasion, which at the moment is considered to be about four to five percent of GDP. Concurrently, the increased incentive to work created by the new tax system will lead to increased turnover. Review of various allowances and discounts will also relieve the burden on the Treasury. In addition the Chamber suggests that tax reduction is a good encouragement for the authorities to seriously look at ways to save on governmental operations.

The Chamber also points out that Iceland can become the base of headquarters for Icelandic and foreign companies. To facilitate that, a low income tax rate and cooperation between the government and the business community is needed. With a harmonious campaign it is possible to increase Iceland's sphere of business influence, reinforce its status as the base of strong companies, and further enhance the strength of the Icelandic economy.

The central thrust of the Chamber's tax proposals is significant simplification of the Icelandic tax system. It is the Chamber's opinion that the core issue in tax

reform proposals should be increased simplicity, not increased complexity. The strength for a small country such as Iceland is that communication is immediate and direct, while bureaucracy is small and relatively efficient. Iceland should offer a simple and efficient tax system where rates are low, rules are transparent and tax evasion insubstantial.

That is the focus of the report of the Iceland Chamber of Commerce to the Business Forum 2005.





## 1. Inngangur

Verslunarráð Íslands hefur um árabil komið fram með nýjar hugmyndir sem stuðlað geta að framförum fyrir íslenskt atvinnulíf. Að þessu sinni fjallar skýrsla til Viðskiptaþings 2005 um hvernig bæta megi samkeppnisstöðu Íslands með nýjum hugmyndum í skattamálum.

Að nokkru leyti má segja að umræða um skattamál hérlandis sé föst í viðjum vanans og fáar nýjar hugmyndir komi fram. VÍ vill stuðla að opinni umræðu um þetta mikilvæga mál og í skýrslunni eru raktar nokkrar hugmyndir um róttæka uppstokkun á skattkerfinu sem VÍ telur að eigi að koma til nánari skoðunar og umræðu á næstunni. Skýrslan er því innlegg í hugmyndabanka fyrir þá umræðu sem fram þarf að fara um skattamál hérlandis.

Hugmyndin að baki tillögum VÍ í skattamálum er að einfalda verulega íslenskt skattkerfi. Að mati VÍ á rauði þráðurinn í allri umræðu um aðgerðir í skattamálum að miðast við það að einfalda kerfið en ekki flækja það enn frekar.

Styrkur lítils lands eins og Íslands liggur meðal annars í því að hér eru boðleiðir stuttar og embættismannakerfið er lítið og tiltölulega skilvirkт. Ísland á að bjóða upp á einfalt og gott skattkerfi þar sem hlutföll eru lág, reglur eru gegnsæjar og undanskot óveruleg. Að því miðar skýrsla Verslunarráðs Íslands til Viðskiptaþings 2005.



## 2. Breytingar til batnaðar


Íslenskt skattumhverfi hefur batnað umtalsvert á undanförnum árum og stuðlað að bættum hag íslenskra fyrirtækja og starfsmanna þeirra. Þessi þróun er þó síður en svo einskorðuð við Ísland. Hún hefur átt sér stað í öllum okkar nágrannaríkjum og viðskiptalöndum, enda er þetta ferli hluti af alþjóðavæðingu og auknu frelsi í viðskiptum milli landa, eins og vikið verður að í skyrslunni.

Ein afdrifaríkasta aðgerð ríkisstjórna síðustu ára var lækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 30% í 18%. Téð lækkun tekjuskatts fyrirtækja hefur haft það í för með sér að fyrirtæki kjósa í auknum mæli að hafa bækistöðvar sínar á Íslandi, landið er vel samkeppnishæft við önnur lönd og tekjur ríkisins hafa aukist umtalsvert. Þannig hækkuðu tekjur ríkissjóðs um nálega 3,5 milljarða króna milli 2002 og 2003. Myndin<sup>1</sup> á næstu síðu sýnir þróun tekna ríkisins af tekjuskatti fyrirtækja og hversu mikil aukning hefur orðið síðan skatturinn var

---

<sup>1</sup> Fjárhæðin er áætluð fyrir árið 2004

lækkaður. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja er líklega einhver farsælasta og áhrifamesta aðgerð sem íslensk stjórnvöld hafa staðið fyrir í skattamálum á undanförnum áratugum.



Ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar hefur nú ákveðið að halda áfram með lækkun skatthlutfalla á einstaklinga, lækkun erfðafjárvaks og afnámi eignarskatts. Verslunarráð Íslands fagnar skattaumbótum ríkisstjórna síðustu ára og vill fyrir sitt leyti benda á leiðir til að halda áfram á þessari braut og gera Ísland að því landi í heiminum sem býr við eitt einfaldasta skattumhverfi fyrir fyrirtæki og fólk.

Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar, sem Geir H. Haarde fjármálaráðherra kynnti í nóvember 2004, hafa mætt margvíslegri andstöðu. Rætt hefur verið um að tímasetning skattalækkananna sé óheppileg vegna mögulegra þensluáhrifa og þá eru sumir sem telja að með lækkun skatta sé hugsanlega vegið að íslensku velferðarkerfi. Verslunarráð telur að fyrirhugaðar skattalækkanir séu vel

ígrundaðar og komi til framkvæmda þegar dregur úr þenslu hérlandis. Hvað áhrif á íslenskt velferðarkerfi varðar er mikilvægt að hafa í huga að helsta ógnin sem steðjar að því eru ekki lágir skattar heldur mun fremur þunglamalegt ríkiskerfi sem hefur þanist út á síðustu árum án þess að gæði þjónustunnar eða magn hafi aukist að sama skapi.

Að sumu leyti má segja að enn gæti nokkurrar tregðu í sambandi við umræður um skattamál. Það er rétt eins og aðeins séu tvær leiðir færar við að auka tekjur ríkisins, annaðhvort er að hækka skatta eða auka ýmis gjöld, meðal annars á atvinnulífið. Á þennan hátt eru umræður um tekjur ríkisins mjög ófrjóar; uppfningasemin hjá stjórnsýslunni snýst þá um að láta sér detta í hug nýja skatta eða gjöld.

Gott dæmi um uppfningasemina hjá stjórnsýslunni voru hugmyndir um gistenáttagjald, þar sem innheimta átti 100 krónur af hverjum ferðamanni sem gisti á hóteli eða gististað hérlandis. Samkvæmt einföldu mati stjórnsýslunnar þýddi gjaldið tugi ef ekki hundruð milljóna í auknar tekjur sem hægt var að ráðstafa í „góð“ mál. Þegar grannt er skoðað kemur auðvitað í ljós að skrifræðið í kringum gistenáttagjald yrði mikið, gjaldið hefði áhrif á eftirspurn og á endanum tapaði þjóðarbúið á þessari uppfningasemi stjórnsýslunnar.

Annað dæmi um gamla hugsun í stjórnsýslunni er hækkun áfengisgjalds í nóvember 2004. Öllum má vera ljóst að með hækkun áfengisgjalds hefur Ísland slegið heimsmet í álögum á áfengi, bætt samkeppnisstöðu heimagerðs áfengis á meðan samkeppnisstaða Íslands sem ferðamannalands versnar; á endanum verður þjóðarbúið af mikilvægum tekjum.

Á sama hátt eru hugmyndir um lækkun skatta og niðurfellingu gjalda oft taldar atlaga að ríkissjóði eða ógna stöðugleika í efnahagsmálum. Segja má að íslensk stjórnvöld hafi siglt á móti straumnum í þessum efnum á síðustu árum og sýnt kjark til að lækka skattprósentu. Árangur af því er ótvíræður og sýnir hvað framsýni getur skilað miklum árangri. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja sýnir ótvírætt að ríkið getur einfaldað kerfið og lækkað skatta en aukið tekjur sínar um leið.

Verslunarráð Íslands fagnar áframhaldandi lækkun skatta sem ríkisstjórnin hefur áformað. Um leið vill Verslunarráð Íslands stuðla að opinni umræðu um nýjar leiðir í skattamálum. Enn frekari lækkun skatta er möguleg og hún getur stuðlað að því eins og dæmin sanna að auka skatttekjur. Ísland á að stefna á það að einfalda skattkerfið og kynna sig sem það land sem býður upp á eitt skilvirkasta skattkerfi í heimi.



### 3. Reynsla annarra ríkja

Ekkert land er eyland þegar kemur að skattamálum. Skattar í einu ríki hafa áhrif á skatta í öðrum ríkjum. Þau áhrif eru ekki endilega í réttu hlutfalli við fjarlægðina milli ríkjanna. Pannig eru það ekki bara nágrannaríkin sem verða fyrir áhrifum af skattastefnu tiltekinna ríkja heldur einnig þau ríki sem bera sig saman við þau með ýmsum hætti, efnahagslega og menningarlega. Stórlækkaðir skattar í Ástralíu myndu hafa mikil áhrif í Bretlandi þótt fjarlægðin milli ríkjanna bendi ekki sérstaklega til þess að löndin séu í samkeppni um fyrirtæki eða vinnuafli. Sameiginlegur menningararfur þessara ríkja veldur því þó að fjarlægðin er hugsanlega ekki eins mikil í hugum þeirra sem þar búa og því hefur skattastefna annars ríkisins áhrif í hinu. Einangrun ríkis landfræðilega gefur því ekki tilefni til að ætla að þar muni ekki gæta áhrifa ákvarðana annarra ríkja í skattamálum. Skattar hafa einfaldlega það mikið að segja um samkeppnisstöðu landa. Í framtíðinni mun samkeppni landa í skattalegu tilliti síst minnka þrátt fyrir tilraunir einstakra ríkja, með aðstoð ýmissa alþjóðastofnana, til þess að hefta hana.

Skattasamkeppni er hvað sýnilegust meðal þeirra ríkja sem eru að brjótast úr viðjum áætlunarþúskapar og hafa metnað til þess að taka sér stöðu meðal þeirra þjóða sem fremstar eru í efnahagslegu tilliti. Til að auka samkeppnishæfni sína hafa þessi ríki þurft að endurskoða skattkerfið bæði út frá skatthlutfalli og út frá uppbyggingu skattkerfisins með það að leiðarljósi að það sé umfram allt einfalt. Nokkur þeirra hafa tekið upp flatan skatt.

## Flatur skattur

Hugmyndir um einfalt skattkerfi byggt á flötum skatti eru þó ekki nýjar af nálinni. Fræðimenn og stefnumótandi stofnanir hafa lengi velt fyrir sér möguleikunum á flötum skatti, áhrifum hans á atvinnulíf og velferðarpjónustu hins opinbera. Með flötum skatti hefur verið talið að hægt sé að haga skattheimtunni á sem árangursríkastan hátt en eitt af því sem einkennir „eðlilega“ skattastefnu er einfalt skattkerfi sem flatur skattur óneitanlega er. Annað sem telja má nauðsynlegt til að skattastefna stjórvalda geti talist viðunandi er að skattkerfið geri ekki upp á milli skattgreiðenda heldur að jafnræðis sé gætt. Þess vegna getur flatur skattur á tekjur, óháð uppruna, verið heppilegri heldur en margir ólíkir skattar á mismunandi tekjur. Eðlileg skattheimta einkennist líka af tiltölulega lágri skattheimtu eða í það minnsta ekki svo mikilli að minnkandi skatttekna hins opinbera gæti. Flatur skattur veitir tækifæri til þess að lækka skatta almennt, gegn því að fleiri beri skattbyrðina.

Ýmsar hugmyndir að útfærslu á flötum skatti hafa verið settar fram síðasta áratug, einkum í Bandaríkjunum og í Bretlandi. Ein þekktasta útfærslan byggir

á hugmyndum um einn skatt, eina skattprósentu, á allar tegundir tekna.<sup>2</sup> Þá er miðað við 15-20% skattprósentu og engar undanþágur eða skattafrádrátt. Mikilvægt einkenni á slíku skattkerfi er að ekki er um neina tvísköttun að ræða eins og þekkist annars svo vel í ýmsum öðrum skattkerfum.

Þrátt fyrir að flatur skattur hafi helst verið til umræðu í Bandaríkjunum og Bretlandi hefur þetta skattkerfi ekki náð lengra en á teikniborðið þar. Önnur ríki hafa hins vegar gert hugmyndina að sinni og tekið upp flatan skatt að einhverju marki. Langt er síðan Hong Kong reið á vaðið með 15% (nú 15,5% en stefnir í 16%) flatan skatt og undanfarin ár hafa hugmyndir um flatan skatt náð hljómgrunni í Evrópu með Eystrasaltsríkin í fararbroddi.

## Hong Kong

Hong Kong var árið 2004 í 1. sæti á Frelsislista Heritage Foundation, lista yfir frjálsustu ríki heims í margvíslegum skilningi sem útskýrir að miklu leyti af hverju Hong Kong, af öllum ríkjum, hefur búið við mest vaxandi efnahagslíf undanfarna áratugi. Skattkerfi Hong Kong byggir á einni útfærslu af hugmyndinni um flatan skatt þar sem launaskattur er að hámarki 16% og tekjuskattur fyrirtækja 17,5%. Hong Kong byggir þó á tvöföldu kerfi, annars vegar flata skattinum á tekjur einstaklinga og hins vegar á fjölprepa skatti frá 2% til 20%, að teknu tilliti til frádráttar og persónuafsláttar, allt eftir því hvort kerfið leiðir til lægri skattheimtu viðkomandi skattgreiðanda.

---

<sup>2</sup> Hugmynd sem þeir Robert Hall og Alvin Rabushka kynntu fyrst árið 1985 og vakti strax athygli, meðal annars Steves Forbes sem hélt henni mjög á lofti þegar hann ári seinna sóttist eftir tilnefningu Repúblíkanaflokkssins til framboðs forseta Bandaríkjanna.

Flatskattakerfi Hong Kong hefur spurst til Kína og margt bendir til þess að stjórnvöld í Kína íhugi nú að taka upp svipað kerfi.

## Flatskattslöndunum fjölgar

Mikil samkeppni ríkir milli Eystrasaltslandanna og er skattasamkeppni þar ekki undanskilin. Eistland er í dag ofarlega á lista yfir efnahagslega frjáls ríki. Hagvöxtur þar hefur verið um 5,4% undanfarin ár og er spáð 6,4% hagvexti árið 2004. Þessi aukning á hagvexti varð upp úr 1992 undir stjórn nýs forsætisráðherra Eistlands, Mart Laar, sem létt það vera eitt af sínum fyrstu verkum að afnema innflutningsgjöld og koma árið 1994 á skattkerfi byggðu á flötum 26% skatti á tekjur einstaklinga og fyrirtækja (skatthlutfallið er 24% um þessar mundir). Þessi flati skattur leiddi til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði og hærri framleiðni í Eistlandi. Hin Eystrasaltsríkin, Lettland og Litháen fylgdu í kjölfarið með flatan skatt. Lettland, 1995 með 25% flatan skatt og Litháen tók upp 33% tekjuskatt á einstaklinga en 15% á fyrirtæki. Í dag stefna Eistar á að lækka flata skattinn niður í 20% á næstu þremur árum.

Þessar skattaumbætur hafa verið öðrum Austur-Evrópuríkjum hvatning og nú hafa m.a. Rússland og Slóvakía bæst í hóp landa sem byggja á flötum skatti. Rússland er nýjasta dæmið um góðan árangur af slíkri breytingu. Frá 2001, þegar þriggja þrepa skattkerfi með hámarks 30% tekjuskatti var afnumið, hefur tekjuskattur einstaklinga verið flatur 13% og flatur fyrirtækjaskattur hefur verið 24%. Með þessu var skattkerfið í Rússlandi einfaldað til muna. Tekjur rússneska ríkisins af tekjuskatti einstaklinga hafa að sama skapi aukist um 25% en það sem meira máli skiptir er að landsframleiðsla hefur aukist í Rússlandi um rúm 5% síðustu þrjú ár. Á síðasta ári tók Slóvakía upp flatan tekjuskatt, 19% á bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Flatskattslöndin eru um þessar mundir að hafa áhrif á skattastefnu í fjölmögum ríkjum. Enda þótt fæst Evrópuríki hafi tekið upp flata skatta hefur þróunin í mörgum Evrópuríkjum verið í átt til lægri og flatari skatthlutfalla og gagnsærra skattkerfis. Á Norðurlöndum gætir nú tvímælalaust áhrifa frá Eystrasaltsríkjunum, einkum frá Eistlandi og án efa hafa umbætur í skattamálum þar í landi haft áhrif á það hvernig lönd eins og Svíþjóð og Finnland kjósa að koma sér á framfæri meðal erlendra fjárfesta. Norðurlönd eru í auknum mæli í beinni samkeppni við Eystrasaltslöndin.





## 4. Ísland — höfn höfuðstöðva

Verslunarráð Íslands leggur á það áherslu að Íslendingar skoði alvarlega þau tækifæri sem felast í því að bjóða upp á einfalt og samkeppnishæft skattkerfi fyrir alþjóðlega starfsemi hérlandis.

Lítil hagkerfi hafa oft, eðli máls samkvæmt, ekki upp á mikið að bjóða alþjóðlegri starfsemi. Þau skortir framleiðslugetu sem stenst samanburð við það sem stærri þjóðir geta boðið. Þá er markaðurinn ekki stærri en svo að jafnvel meðalstór erlend fyrirtæki sjá sér ekki fært að hasla sér þar völl með hliðsjón af útrásarþörf sinni eingöngu. Það þarf með öðrum orðum eitthvað meira að koma til en hefðbundin eftirspurn ef litlum ríkjum á að takast að laða að erlenda fjárfestingu og erlenda starfsemi.

Á sama hátt þarf að leiða hugann að íslenskum fyrirtækjum sem í sívaxandi mæli leita á erlend mið og eru mörg hver orðin alþjóðleg. Sem dæmi má taka sum íslensku fjármálafyrirtækin sem núorðið hafa verulegan hluta tekna sinna erlendis frá. Sama má segja um mörg önnur íslensk útrásarfyrirtæki. Flest

þessara fyrirtækja kjósa að vera áfram íslensk fyrirtæki þrátt fyrir þessa þróun í tekjuöflun, og halda höfuðstöðvum sínum hér á landi. Menningarleg og félagsleg tengsl Íslendinga sín á milli og jákvætt viðhorf erlendis til Íslands á að gera það að verkum að íslensk útrásarfyrirtæki sjái í því tækifæri umfram galla að eiga áfram hér á landi höfuðstöðvar sínar. Það á við um fjármálastofnanir sem og annars konar fyrirtæki. En líkt og á við um aðráttarafl fyrir erlendar fjárfestingar og erlenda starfsemi þá dregur góð stemning fyrir landinu ekki nógum langt ein og sér. Þess vegna telur Verslunarráð það mikilvægt að menn geri sér grein fyrir hvað það er í samfélaginu og efnahagslífinu sem gerir útslagið þegar fyrirtæki velur höfuðstöð sinni stað. Hér er því sjónum beint að samkeppnisstöðu Íslands hvað þetta snertir og bent á hvað betur má fara.

## Samkeppnin er alls staðar og fer vaxandi

Lönd á borð við Sviss og Lúxemborg hafa um áratuga skeið unnið markvisst að þessum málum og eru nú leiðandi á sviði fjármála í heiminum. Þá hafa lönd eins og Ungverjaland og Írland einnig unnið ökullega að því að bæta samkeppnisstöðu sína á undanförnum árum og hafa lækkað skatta og einfaldað skattkerfið til þess að laða að erlent fjármagn og erlend fyrirtæki. Pessi lönd hafa náð ótrúlega góðum árangri á skömmum tíma. Af einhverjum ástæðum hafa íslensk stjórnvöld ekki farið þessa leið þó það hljóti að teljast einstaklega vænlegur kostur fyrir svo lítið en þó þróað og traust hagkerfi.

## Dæmi frá Ungverjalandi

Á ótrúlega stuttum tíma hefur ungverskum stjórnvöldum tekist að gera Ungverjaland að eftirsóknaverðu landi fyrir víðtæka fjármála- og sérfræðiþjónustu. Þannig hafa erlend stórfyrirtaeki leitað til Ungverjalands með fjármálastarfsemi sína fyrst og fremst vegna þeirra skýru skilaboða sem koma þaðan um jákvæða afstöðu stjórnvalda til erlendra fjárfestinga í landinu og þjónustu við fjárfesta.

Ungverjaland, líkt og fleiri lönd, hefur að tilstuðlan Evrópusambandsins afnumið ákvæði sem heimila sérstaka skattlagningu alþjóðlegra viðskiptafélaga en hefur þess í stað lagað almenna skattkerfið hjá sér að þörfum þeirra alþjóðlegu stórfyrirtækja sem stjórnvöld vilja annað hvort viðhalda í landi sínu eða laða til sín. Til dæmis kveður nýleg löggjöf í Ungverjalandi á um að fyrirtækjaskattlagning verði 16%, en þó eingöngu 8% á þóknanir og vaxtatekjur innan samstæðu. Þá mun ekki verða tekinn afdráttarskattur af arðgreiðslum frá og með 1. janúar 2006, og skiptir þá ekki máli hvert arðurinn er greiddur. Auk þessa er veittur sérstakur skattafrádráttur vegna rannsóknar- og þróunarvinnu hjá ungverskum fyrirtækjum.

Veruleg samkeppni er á milli ríkja um erlendar fjárfestingar. Lönd eins og Bandaríkin og Bretland nota skatta- og tollalöggjöf sína óspart til að laða til sín erlendar fjárfestingar. Það skýtur því nokkuð skökku við þegar í skýrslu starfshóps fjármálaráðherra um umfang skattsvika á Íslandi (desember 2004) er það nefnt að auk skattaparadísia hafi ýmis lönd leiðst út í að lögfesta sérreglur um skattlagningu félaga í eigu erlendra aðila eða almennar reglur um skattlagningu tekna frá öðrum löndum. Þótt nefndin geri ekki nánar grein fyrir

því hver þau séu þessi lönd sem hafi „leiðst út í“ slíkt þá má ljóst vera að það eru flest þróuð ríki heims.

## Dæmi frá Írlandi

Stjórnvöld á Írlandi hafa skýr markmið um beinar erlendar fjárfestingar og nýtingu fjármagns á Írlandi, enda hefur árangurinn ekki látið á sér standa eins og frægt er orðið. Almenn skattprósenta er nú aðeins 12,5% auk þess sem mögulegt er að nýta sérstaka frádráttarliði við útreikning skattstofna. Nýlega hefur verið samþykkt frumvarp til laga á írska þinginu um enn frekari breytingar á skattalöggjöfinni. Nú er arður og söluhagnaður írskra fyrirtækja undanþeginn skatti, auk þess sem greiddur arður til erlendra hluthafa, að uppfylltum nokkuð rúmum skilyrðum, er einnig undanþeginn skatti. Þá hefur verið aukið við heimildir til frádráttar frá skattstofni vegna rannsókna og þróunar.

Íslendingar geta lært mikið af Írum og Ungverjum, þó ekki væri það nema viðhorf og einbeittur vilji stjórnvalda þessara ríkja til þess að ná árangri í samkeppni um tilteknar erlendar fjárfestingar. Litlum löndum á borð við Sviss, Írland og Lúxemborg hefur tekist mjög vel upp að skapa trausta umgjörð fyrir alþjóðlega starfsemi á sama tíma og þau njóta almenns trausts. Reglur í þessum löndum eru gegnsæjar og koma í veg fyrir að þær séu misnotaðar eða skaðlegar öðrum ríkjum.

Flutningur vel launaðra starfa á Vesturlöndum til lágláunalanda eins og Indlands og Kína hefur leitt til umtalsverðra breytinga í atvinnulífi Vesturlanda. Samkvæmt dönskum athugunum flyttjast um 5.000 störf í Danmörku árlega til lágláunalanda. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af

þessari þróun. Margvíslegur iðnaður hefur færst til Eystrasaltsríkjanna og jafnvel störf í fiskvinnslu hafa flust til Kína þar sem tímakaup samsvarar 50-60 krónum. Íslenskt viðskiptalíf mun ekki geta keppt við þróunarlönd í launum. Það hefur hins vegar aldrei verið brýnna að skoða hvaða þætti í íslensku rekstrar- og efnahagsumhverfi megi styrkja til að bæta samkeppnismuhverfi Íslands og þeirra fyrirtækja sem hér starfa.

Til að ná raunverulegum árangri í samkeppni um erlendar fjárfestingar er brýnt að íslensk stjórnvöld setji sér skýr markmið um erlendar fjárfestingar, en einu sjáanlegu markmið íslenskra stjórnvalda varðandi erlenda fjárfesta virðast fyrst og fremst lúta að stóriðju. Ef íslensk stjórnvöld setja sér víðtækari markmið þá er skilaboðum komið á framfæri með beinum hætti við erlenda fjárfesta innan þeirra markhópa sem stjórnvöld vilja höfða til, rétt eins og þeim skilaboðum hefur í áraraðir verið komið á framfæri varðandi stóriðjuna með góðum árangri.

## Við erum á réttri leið...

Í könnun á vegum IMD viðskiptaháskólans í Lausanne í Sviss á samkeppnishæfni þjóða (World Competitiveness Yearbook 2004) árið 2003 er Ísland í 5. sæti. Margar fátækari þjóðir eru þó að klífa hratt upp þennan lista. Eistar, sem eru um 1,3 milljón, eru t.d. að styrkja verulega sína stöðu í samkeppni við aðrar þjóðir en þar í landi hefur verið ákveðið að lækka flata tekjuskattinn niður í 20% frá og með 1. janúar 2007 (er nú 24%). Þar er hagnaður fyrirtækja ekki skattlagður fyrr en hann fer út úr fyrirtækjunum.

Einfalt skattkerfi, flatur skattur, líkt og hjá Eistum og Litháum, getur bæði laðað til landsins margvíslega starfsemi og gert það að verkum að íslensk

alþjóðafyrirtæki ákveði að vera áfram með bækistöðvar á Íslandi. Ef spár um vöxt stærstu fyrirtækja landsins á næstu árum reynast réttar geta skatttekjur af tíu stærstu fyrirtækjunum orðið meiri en sem nemur rekstri alls skólakerfisins. Það er mikið í húfi að við bjóðum upp á rekstrar- og skattaumhverfi í heimsklassa sem hvetur alþjóðleg fyrirtæki til að hafa bækistöðvar sínar á Íslandi.

## Tekjur koma frá erlendum stórfyrirtækjum

Af þeim 13,8 milljörðum sem fyrirtæki greiddu í beina skatta í ríkissjóð fyrir árið 2002 stöfuðu um 350 milljónir frá um tíu bandarískum og kanadískum stórfyrirtækjum sem hafa stofnað eignarhalds- eða fjármögnumarfélög hér á landi til að þjónusta önnur félög innan samstæðu sinnar. Með öðrum orðum kom umtalsverður hluti af skatttekjum allra skattskyldra fyrirtækja á Íslandi frá þessum fáu erlendum stórfyrirtækjum (á bilinu 2-3%) og kostnaður Íslendinga vegna þeirra var nánast enginn, en hins vegar voru verulegar viðbótartekjur í formi óbeinna skatta hjá bönkum, þjónustuaðilum og ferðapjónustu.

Þetta sýnir að okkar litla hagkerfi getur haft tekjur af því að bjóða hagstætt umhverfi fyrir alþjóðleg fyrirtæki og fjárfesta. Það kann að vera að þau byrji smátt hér á landi en ef aðstæður eru góðar kunna þau að auka umsvif sín hér. Stjórnvöld hafa hins vegar sýnt þessum fjárfestum lítinn áhuga og lítil sem engin nýliðun á sér stað.<sup>3</sup> Ef vilji er til, þá getum við bæði haldið í íslensk alþjóðafyrirtæki og laðað til okkar erlend fyrirtæki og fjármagn.

---

<sup>3</sup> Til dæmis hefur bandarískt stórfyrirtæki ákveðið að næsta evrópska fjárfestingaverkefni þess upp á rúmlega 60 milljarða íslenskra króna verði ekki fjármagnað í gegnum Ísland, þar sem vinnuumhverfi þess er hér á landi er óhagstætt samanborið við Lúxemborg eða

Umhverfi fyrirtækja og fjárfesta hérlandis er á margan hátt mjög gott. Lagaumhverfið er með því besta og skilvirkasta sem gerist, og vonandi náum við að halda því þannig. Þá er tekjuskattur fyrirtækja ennþá lágor miðað við mörg samkeppnislönd okkar þótt í þeim eftirnefni séu einnig nokkur lönd að gera enn betur. Þá skiptir verulegu máli að stjórnvöld ákváðu að afnema eignarskattinn frá og með 1. janúar 2005. Þetta almenna ágæta ástand má ekki verða til þess að stjórnvöld sýni andvaraleysi gagnvart því að viðhalda og efla frekar samkeppnisstöðu íslensks rekstrarumhverfis. Stöðugt verður að meta rekstrarumhverfi fyrirtækja og starfsfólks með tilliti til helstu samkeppnislanda og þeirra markmiða sem stjórnvöld hljóta að setja sér um erlendar fjárfestingar.

Nú þegar eru mörg íslensk fyrirtæki búin að hasla sér völl erlendis en mikilvægasta verkefni hérlandra stjórnvalda á komandi misserum er að búa svo um hnútana að rekstrarumhverfið sé samkeppnishæft og beinlínis stuðli að því að næsta stig í alþjóðavæðingu atvinnulífsins geti átt sér stað hér á landi en ekki erlendis. Það myndi fela í sér aukin alþjóðleg viðskipti og fjárfestingar til landsins, ekki síður en frá Íslandi. Hraðbrautin í átt til aukinnar alþjóðavæðingar íslenskra fyrirtækja má ekki vera einstefna út.

Það gleymist oft í umræðu um samruna eða yfirtöku íslenskra fyrirtækja við erlend fyrirtæki að enn sem komið er kjósa Íslendingar að halda starfsemi eignarhalds- eða móðurfélags hér á landi. Á sama tíma eru móðurfyrirtæki í

---

Holland og þjónusta opinberra aðila við það varla til staðar þó það greiði hér tugi, jafnvel hundruð milljóna, í skatt á hverju ári vegna síðasta verkefnis, þar sem af einhverjum ástæðum er ekki hægt að ræða starfsemi þess við embættismenn íslenskra skattyfirvalda.

nágrannalöndum okkar að færa sig til landa með hagstæðari skatthlutföll eða betri þjónustu. Ísland getur áfram verið höfn íslenskra fyrirtækja ef aðstæður til þess eru góðar hér á landi. Um leið getum við laðað til landsins erlenda starfsemi ef starfsumhverfi hér er samkeppnishæft.

## ... en önnur lönd stefna í sömu átt ...

Ljóst er að lágt tekjuskattshlutfall hérlandis hefur treyst samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Hins vegar eru fjölmörg lönd að feta í sömu átt og við Íslendingar með lækkun skattprósentunnar og einföldun skattkerfisins. Hér á eftir verða rakin nokkur dæmi um skatta á fjárfesta og fyrirtæki í nokkrum löndum.

Þann 1. maí 2004 fjölgaði löndum Evrópusambandsins um 10 með tilkomu Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháen, Möltu, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands. Talsverð uppsveifla hefur verið í efnahagslífi þessara landa. Í flestum þessum löndum er fyrirtækjaskattlagning hófleg og ýmsar ívilnanir til frádráttar á skattstofnum, auk frísvæða.

Ekkert þessara landa leggur á eignaskatta eða sambærilega skatta. Þó skattaréttur þessara ríkja sé að mörgu leyti svipaður, þá er meðaltalsraunskattbyrði (MRS) landanna mjög mismunandi. Hún er lægst í Litháen (15%), en hæst á Möltu (35%), en MRS hinna nýju ríkja er að meðaltali ekki nema 21,27%. Það eru því æ fleiri fyrirtæki í ríkjum innan og utan Evrópusambandsins sem líta til þessara landa með fjárfestingar sínar.

Þannig er skattprósantan í Kýpur komin í 10%, Tékklandi 24%, Eistlandi 0% (26% við úttekt hagnaðar), Ungverjalandi 16%, Lettlandi 15%, Litháen 15%,

Möltu 35%, Pólland 19%, Slóvakíu 19% og Slóveníu 25%. Þessi lönd eru síðan í óða önn að laga löggjöf sína enn frekar að þörfum erlendra fjárfesta, hvert land með sín skýru en mismunandi markmið og árangurinn lætur ekki á sér standa.

## Raunveruleg skattbyrði skiptir máli

Í nýlegrí skýrslu Ernst & Young og Centre for European Economic Research (júlí 2004) um meðaltalsraunskattbyrði í hinum nýju aðildarríkjum ESB vekur sérstaka athygli að það er Litháen sem kemur best út. Litháen er með lægstu skattprósentu þessara ríkja og jafnframt fæstu sérreglurnar. Skiptir þá ekki máli hvort miðað er við skattareglur fyrir árið 2003, forsendur miðað við boðaðar lækkanir á skattprósentu einstakra ríkja eða miðað við að fjárfestir sé erlent fyrirtæki (þýskt). Í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að skatthlutfallið sjálft sé mest afgerandi þátturinn þegar meta á meðaltalsraunskattbyrði í löndunum. En hvað varðar fjárfestingar milli landa er þó ljóst að miklu máli skiptir fyrir erlenda fjárfesta að reikna út aukaskattbyrði vegna afdráttarskatts á arðgreiðslum sem sum þessara landa leggja á, enda geti slík skattlagning haft afgerandi áhrif á raunverulega skattbyrði erlendra fjárfesta í ríkjunum.

Nefna má að Ungverjar hafa nú lækkað skatthlutfallið niður í 16%. Í skýrslu Ernst & Young kemur fram að 15% skattlagning í Litháen væri hagstæðari en 12% skattlagning í Ungverjalandi<sup>4</sup> enda þyrfti þýska fyrirtækið ekki að sæta viðbótarskattlagningu á arðgreiðslum í Litháen, en slíkur arður hefur verið skattskyldur í Ungverjalandi.

---

<sup>4</sup> Það hefur verið umræðu undanfarið í Ungverjalandi að lækka skattinn niður í 12%.

Ungverjar hafa hins vegar nú fallið frá skattlagningu á arðgreiðslum til erlendra fjárfesta frá og með 1. janúar 2006 í stað þess að lækka skattinn niður í 12%. Rétt er þó að hafa í huga að afdráttarskattlagning til móðurfélaga innan ESB mun leggjast af í öllum þessum ríkjum í kjölfar tilskipunar ESB (90/435/EB) um móðurfélög og dótturfélög. Þrátt fyrir það mun Litháen þó halda efsta sætinu skv. skýrslu Ernst & Young.

Gera verður ráð fyrir því að fjárfestar, innlendir sem erlendir, séu vel upplýstir um heildarskattlagningu fjárfestinga sinna þegar þeir bera saman einstaka fjárfestingarkosti og staðsetningar, enda er skattur einfaldlega hluti af kostnaði fyrirtækja sem taka þarf afstöðu til eins og um annan kostnað. Tekjuskattsprósenta fyrirtækja skiptir verulegu máli, en hún er þó eingöngu hluti af stærri heildarmynd sem allir upplýstir fjárfestar líta til.

Skatthlutfall fyrirtækja hefur verið að lækka víðs vegar um heim, en hvað sem sjálfrí skatprósentunni líður, þá verður almennt að gera ráð fyrir því að fjárfestar sýni skattgát í sínum fjárfestingum, þ.e. að þeir gæti að skattkostnaði öllum og gæti að réttum skattskilum skv. landslögum áður en til fjárfestingar kemur.

## ... og samkeppnisstaða Íslands er á sumum sviðum slök

Þegar reiknaður er út skattkostnaður beinna fjárfestinga á Íslandi þá líta fjárfestar m.a. til skatthlutfalls og tekjuskattsstofns til að finna út raunskattlagninguna, hvað sé frádráttarbært og svo framvegis. Sem dæmi um þetta má taka grískt fyrirtæki, sem hyggst stofna framleiðslufyrirtæki á Íslandi, Bretlandi eða Írlandi og félagið á að framleiða gleraugu úr áli skv. sérleyfi

samstæðufélags á Ítalíu. Á Íslandi yrði hagnaðurinn tvískattlagður (18% og síðan 15% á arðgreiðslur), en ekki í hinum löndunum. Þá þyrfti félagið hugsanlega að greiða stimpilgjöld ef félagið er stofnað í formi hlutafélags eða sameignarfélags, allt að viðbættum 18% skatti á þóknanir til ítalska félagsins. Engin slík skattlagning ætti sér hins vegar stað á Bretlandi eða Írlandi, sbr. eftirfarandi skýringartöflu:

Skattkostnaður	Ísland	Bretland	Írland
Hagnaður .....	30,3% <sup>5</sup>	30,0%	12,5%
Eignir .....	0% <sup>6</sup>	0%	0%
Stimpilgjöld.....	0,5% <sup>7</sup>	0%	0%
Þóknanagreiðslur .....	18% <sup>8</sup>	0%	0%

Það má nokkuð ljóst vera að samanburður á skattkostnaði í þessu dæmi er mjög óhagstæður fyrir Ísland, en taka má fram að dæmið er sérválið að því leyti að niðurstaðan í töflunni byggist á landslögum hvers ríkis, en ekki sérsamningum á milli ríkjanna, með þeirri undantekningu einni að almennt væri tekinn afdráttarskattur af þóknunum í Bretlandi ef ekki væri tvísköttunarsamningur við Grikkland. Þá má telja að skattlagning á

---

<sup>5</sup> Hagnaður er 100 (100-18% = 82) og 82 er greiddur út sem arður og sætir 15% afdráttarskatti (82-15% = 69,7)

<sup>6</sup> Eignaskattur var 0,6% en hefur nú verið afnuminn hér á landi frá og með 1. janúar 2005.

<sup>7</sup> Stimpilgjöld eru lögð á nafnverð hlutabréfa, en ekki á hluti í einkahlutafélögum.

<sup>8</sup> Óljóst er hvernig þessum skatti er skilað, en ríkisskattstjóri hefur gefið út leiðbeiningar um staðgreiðsluskyldu afdráttarskatts, en skv. tekjuskattslögum miðast skattstofninn við nettótekjur.

arðgreiðslur til grískra móðurfélagsins standist ekki EES-samninginn, sbr. nýlegan dóm í sambærilegu máli gegn Noregi sem leitt hefur til lagabreytingar í Noregi.

Þegar skattstofninn í einstaka tilvikum er líttill eða enginn getur skattprósentan sjálf skipt litlu eða engu máli. Til dæmis er skattprósenta fyrirtækja í Hollandi rúm 30%, en almennt er fullur skattfrádráttur veittur vegna arðstekna frá dótturfélögum eða vegna hagnaðar af sölu þeirra, auk þess sem ekki er innheimtur afdráttarskattur af arðgreiðslum til ESB-ríkja, þó almennt afdráttarskatthlutfall arðs í Hollandi sé 30%.<sup>9</sup> Skattskyldan í Hollandi í þessu tilviki væri því engin, þrátt fyrir háa skattprósentu.

Sömu sögu er að segja varðandi t.d. Noreg, Danmörku, Þýskaland, Lúxemborg, Frakkland. Sem raunhæft dæmi mætti taka bandarískt stórfyrirtæki sem stofnaði fyrirtæki í Svíþjóð, sem jafnframt ætti dótturfélög í öðrum löndum. Þannig myndi sánska fyrirtækið almennt vera undanþegið skatti á arðstekjum frá dótturfélögum sínum og almennt yrði ekki heldur um skattlagningu að ræða á arðgreiðslum til bandarískra móðurfélagsins, þar sem fallið er frá slíkri skattlagningu skv. landslögum ef móðurfelagið er í ríki sem gert hefur tvísköttunarsamning við Svíþjóð (óháð því að samningurinn sjálfur heimilar 5-15% afdráttarskatt).

---

<sup>9</sup> Um 30 af u.þ.b. 80 tvísköttunarsamningum Hollands kveða á um 0% afdráttarskatt, enda hefur stefna hollenskra yfirvalda um áratugi verið sú að afnema tvísköttun á hagnað fyrirtækja.

Það sama á við ef bandaríkska stórfyrirtækið myndi ákveða að stofna fyrirtæki sitt í Danmörku eða Írlandi.<sup>10</sup> Þá yrði hvorki sánska né danska félagið skattskyld vegna söluhagnaðar á dótturfélögum.<sup>11</sup> Á Íslandi myndi svona fyrirtæki hins vegar verða skattskyld vegna söluhagnaðarins auk þess að þurfa að halda eftir 5 til 15% afdráttarskatti af arðgreiðslum til bandarískra hluthafa skv. landslögum og tvísköttunarsamningi við Bandaríkin.

## Nýtum okkur sóknarfærin ...

Af framansögðu má vera ljóst að 15% tekjuskattur fyrirtækja á Íslandi er fjarri því að vera í ósamræmi við það sem gerist í mörgum samkeppnislöndum okkar. En samanburðurinn sýnir að þótt lágt skatthlutfall sé mikilvægt til að laða atvinnustarfsemi að landinu eða halda fyrirtækjum hérlandis þá er jafnframt nauðsynlegt að huga að því hvernig fjárfestingar Íslendingar vilja laða að erlendis frá og hvaða þjónusta eigi að standa þessum fjárfestum til boða. Þannig tryggir 15% tekjuskattur fyrirtækja ekki einn og sér samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Ef hugað er að öðrum þáttum, eins og skattlagningu söluhagnaðar og arðs, auk hugsanlegra frádráttarliða vegna rannsóknar- og þróunarvinnu, þá væru súkar breytingar á skattalögum fyrst og fremst tæknilegar, en gætu leitt til verulegs árangurs eins og dæmin frá nágrannalöndum, t.d. Írlandi, sanna.

Með þeim tillögum, sem hér eru kynntar, um umbætur á íslensku skattumhverfi fyrir alþjóðlega starfsemi eru opnaðir möguleikar á að Ísland

---

<sup>10</sup> Á Írlandi er skattprósentan þar að auki eingöngu 12,5%.

<sup>11</sup> Eftir þriggja ára eignarhald í Danmörku, en án tímamarka í Svíþjóð.

verði alþjóðleg miðstöð fjármála. Því fer fjarri að hér sé um óraunhæfa sýn að ræða og jafnframt er ekki verið að leggja til að Ísland kynni sig sem eins konar skattaparadís fyrirtækja. Með einföldu skattkerfi, lágri skattprósentu og skýrum reglum má markaðssetja Ísland sem nýjan valkost fyrir fjármagn sem keppir við þau lönd sem bestum árangri hafa náð á þessu sviði, um leið og innlend fjármálfyrirtæki eflast. Það er augljóst að svo lítið en öflugt efnahagskerfi eins og það íslenska á verulega möguleika á að ná glæsilegum árangri á þessu sviði.

## Söluhagnaður verði undanþeginn skattlagningu

Þeim ríkjum fjölgar þar sem söluhagnaður<sup>12</sup> er undanþeginn skattlagningu. Þar er ekki eingöngu verið að stuðla að frjálsari og betri nýtingu á fjármagni, heldur er jafnframt verið að stuðla að því að eignarhald dótturfélaga sé í viðkomandi lögsögu en ekki í erlendum dótturfélögum (eignarhaldfélögum). Þannig hafa lönd eins og Ástralía, Svíþjóð, Danmörk, Frakkland, Pýskaland, Belgía, Lúxemborg og Holland undanþegið slíkan hagnað skattskyldu að uppfylltum skilyrðum í landslögum.

Þessi lönd bæta því ekki aðeins rekstrarskilyrði eigin fyrirtækja, svo og aðstöðu innlendra eftirlitsaðila, heldur auðvelda þau innlendum aðilum að koma með fjármagnið til baka um leið og þau laða einnig til sín erlenda fjárfesta og aukið fjármagn með tilheyrandi beinum og óbeinum skatttekjum.

---

<sup>12</sup> Með orðinu „söluhagnaði“ er hér eingöngu átt við hagnað móðurfélags vegna sölu á dótturfélagi.

Nágrannalönd okkar, Noregur, Danmörk og Svíþjóð, hafa valið þá leið að undanþiggja söluhagnað skattskyldu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þannig er t.d. söluhagnaður undanþeginn í Noregi án takmarkana, þ.e. ekki skiptir máli hvort um er að ræða beinar eða óbeinar fjárfestingar til lengri eða skemmri tíma. Niðurstaða norsku leiðarinnar er til fyrirmynðar hvað þetta varðar. Hún myndi passa vel hér á landi, enda þyrfti eingöngu að koma til einfaldra tæknilegra breytinga á tekjuskattslögum, þar sem farið væri með söluhagnað með sama hætti og um arðstekjur, enda í raun um sitt hvora hliðina á sama peningnum að ræða. Þá er söluhagnaður og arður einstaklinga, sem hluthafa í íslenskum fyrirtækjum, skattlagður með sama hætti, þ.e. í 10% fjármagnstekjuskatti.

Ef skattlagningu söluhagnaðar yrði breytt með þessum hætti, þá myndi það leiða til þess að innlendir fjárfestrar myndu í auknum mæli kjósa að hafa eignarhald sitt í innlendum eignarhaldsfélögum, frekar en erlendum (hvort heldur á meginlandi Evrópu eða í skattaparadísum). Það myndi gera allt eftirlit skilvirk og auðvelt og spara fjárfestum umtalsvert fé og fyrirhöfn.

Á Íslandi er þessi söluhagnaður nú skattskyldur<sup>13</sup> og eru íslensku reglurnar ekki til þess fallnar að auka skilvirkni fjármagns eða gagnsæi skattgreiðslna. Hér á landi eru íslensk fyrirtæki ekki eingöngu skattskyld vegna söluhagnaðar, heldur þurfa erlendir fjárfestrar jafnframt að sæta skattlagningu hér á hagnaði vegna sölu á íslensku fyrirtækjunum.

---

<sup>13</sup> Þó hægt að fresta skattskyldu að uppfylltum lagaskilyrðum.

## Að fá sem mest út úr því fjármagni sem til er

Haft er eftir Helen Coonan, skattamálaráðherra Ástralíu að þær 160 milljónir ástralskra dollara sem fjárfestir eru í erlendum rekstri skili sér í bætti nýtingu þess fjármagns og þar einnig í bættum lífskjörum Ástralra.<sup>14</sup> Ástralrar hafa kynnt reglulega á undanförnum árum alþjóðlegar skattaumbætur m.a. afnám skatts á söluhagnað ástralskra fyrirtækja, svo og á erlendar arðstekjur og hagnað útibúa.

Ljóst er að stjórnvöld í Ástralíu, líkt og á Írlandi, Lúxemborg, Sviss og víðar, hafa mjög skýr markmið og staðfasta stefnu í umbótum sínum á skattareglum. Jafnframt virðist vera fullkominn skilningur á þýðingu þess að skattareglur hamli ekki hagkvæmni nýtingar fjármagns. Markmiðið er klárlega að auka innlendar og erlendar fjárfestingar og bæta nýtingu og ávöxtun fjármagns – „öllum þegnum Ástralíu til hagseldar“ eins og Coonan komst að orði.

Samanburðartafla á næstu síðu sýnir mismunandi skattareglur um söluhagnað í nokkrum EES-löndum. Annars vegar hagnað erlendra fjárfesta á hlut í innlendum fyrirtækjum og hins vegar hagnað innlends móðurfélags á dótturfélagi sínu, auk þess að sýna hvort eignarskattur sé lagður þar á eða ekki.

Þessi samanburður á skattskyldu söluhagnaðar er verulega óhagstæður fyrir Ísland. Sökum þessa er brýnt að íslensk stjórnvöld grípi til aðgerða til að gera íslenskum fyrirtækjum kleift að halda utan um fjárfestingar sínar með íslenskum eignarhaldsfélögum og beinlínis hvetji þau til þess.

---

<sup>14</sup> News – Legal Media Group ([www.legalmediagroup.com](http://www.legalmediagroup.com)), 20. apríl 2004.

## Yfirlit yfir skattalega meðferð söluhagnaðar í EES-löndunum<sup>15</sup>

EES-lönd	Takmörkuð skattskylda	Full skattskylda	EES-lönd	Takmörkuð skattskylda	Full skattskylda
söluhagn.	söluhagn.		söluhagn.	söluhagn.	
Austurríki ...	Nei/já	Nei*	Króatía .....	Nei	Já
Belgía.....	Já	Nei*	Kýpur.....	Nei	Nei
Bretland .....	Já*	Nei*	Lúxemborg....	Nei*	Nei*
Danmörk.....	Nei	Nei*	Makedónía ....	Nei	Nei
Eistland .....	Nei	Nei	Malta .....	Nei	Nei*
Finnland.....	Nei	Já	Mónakó.....	Nei	Nei*
Frakkland ...	Nei/já	Nei*	Noregur .....	Nei (2004)	Nei (2004)
Holland .....	Nei*	Nei*	Slóvenía .....	Nei*	Nei*
Ísland.....	Já	Já	Svíþjóð .....	Nei*	Nei*
Írland.....	Nei	Nei* (2005)	Ungverjaland.	Nei	Nei/já
Mön .....	Nei	Nei	Þýskaland.....	Nei	Nei*

Hér skipta reglur um skattskyldu söluhagnaðar miklu máli og er mikilvægt að íslensk stjórnvöld taki við sér í þessum efnum og fylgi fordænum nágrannaþjóða í að afnema þessa skattskyldu fyrirtækjanna. Hér er lagt til að söluhagnaður verði undanþeginn skattlagningu með sama hætti og móttékinn arður. Ef stuðlað er að bættri nýtingu fjármagns með því að skattleggja ekki söluhagnað fyrirtækjanna hér á landi er ýtt undir að Íslendingar staðsetji eigur

---

<sup>15</sup> Í töflu hafa athugasemdir gróflega verið flokkaðar með eftirfarandi meginmerkingum (geta verið mjög mismunandi eftir löndum): Nei/já = Lækkað skatthlutfall eða aðrar ívilnanir, Nei\* = Undanþegið að uppfylltum skilyrðum, Já\* = Skattskyld almennt, en þó með undanþágum.

sínar í íslenskum eignarhaldsfélögum og stuðlað þannig að því að endanleg skattlagning innlendra hluthafa fari fram hér á landi. Erlendir hluthafar í íslenskum útrásarfyrirtækjum myndu einnig skapa auknar beinar eða óbeinar skatttekjur hér á landi í gegnum slíkt eignarhald.

## Af hverju erlend eignarhaldsfélög?

Frá sjónarholi skattyfirvalda hlýtur að vera æskilegt að fjárfestingar séu almennt í höndum íslenskra eignarhaldsfélaga. Hvort heldur það varðar innlendar eða erlendar fjárfestingar Íslendinga, þá hljóta menn að spyrja: Af hverju að hafa þessar fjárfestingar í erlendum eignarhaldsfélögum?

## Afdráttarskattar af arði til erlendra hluthafa felldir niður

Eins og rætt er hér að framan þá er ekki tekinn afdráttarskattur af arði í Bretlandi þegar hann er greiddur til erlendra hluthafa og sams konar regla mun gilda í Ungverjalandi frá og með 1. janúar 2006. Mörg önnur lönd hafa einnig sett í löggjöf sína veigamiklar undantekningar á afdráttarskattsreglum þegar um arðgreiðslur til erlendra hluthafa er að ræða. Skiptir þar mestu að þessi lönd falla frá afdráttarskattinum þegar um arðgreiðslur er að ræða til félags sem er heimilisfast í ríki (viðtökuriði) sem gert hefur tvísköttunarsamning við landið sem greiðslan fer frá (greiðsluríkið) eða þegar greitt er til ríkis með sambærilega skattlagningu og greiðsluríki. Skiptir þá ekki máli hvort greiðsluríkið eigi rétt á afdráttarskatti í öðrum tilvikum eða skv. tvísköttunarsamningi, þar sem að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er einhliða fallið frá þeirri skattlagningu samkvæmt landsrétti greiðsluríkisins. Danmörk, Svíþjóð og Írland eru góð dæmi um lönd sem hafa lögleitt þessar reglur með einum eða öðrum hætti.

Þá er ekki tekinn afdráttarskattur af arði á milli félaga innan Evrópusambandsins að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þar um. Reglur EES um frjálst flæði fjármagns og staðfesturétt heimila ekki að skattlagning milli fyrirtækja sé vægari fyrir innlend fyrirtæki heldur önnur fyrirtæki sem heimilisföst eru innan EES. Þetta hafa norskir dómar staðfest og nú nýlega EES-dómstóllinn. Í kjölfarið hafa tekið gildi nýjar reglur í Noregi. Þannig er enginn afdráttarskattur tekinn í Noregi þegar norskt fyrirtæki greiðir arð til félags sem heimilisfast er í EES-ríki og uppfyllir önnur skilyrði sem kunna að verða sett í löggjöfinni. Jafnframt er í Noregi veittur sami persónuafsláttur til EES-þegna eins og innlendra. Auk þess hafa verið lögfestar víðtækar skattundanþágur fyrir norsk fyrirtæki, þ.m.t. skattfrelsi söluhagnaðar.

Eins og víðast hvar annars staðar er málum þannig háttar hér á landi að íslenskt móðurfélag sætir engri raun skattlagningu á arð sem það fær greitt frá dótturfelagi sínu. Í framkvæmd heldur dótturfélag eftir 10% af arðinum, sem móðurfelagið fær endurgreitt á næsta ári.<sup>16</sup> Hins vegar sætir móðurfélag á EES-svæðinu, sem á íslenskt dótturfélag, allt að 15% afdráttarskatti á Íslandi,<sup>17</sup> en ekki er til staðar sambærileg heimild fyrir þessi félög að fá þann skatt endurgreiddan með sama hætti og íslensk félög fá. Þegar þessar greiðslur til móðurfélaga innan ESS eru látnar sæta afdráttarskatti hér á landi án heimildar til endurgreiðslu, þá er um klára mismunun að ræða, líkt og í Noregi, sbr. dóm EES-dómstólsins.

---

<sup>16</sup> Æskilegt væri að heimila dótturfélögum undanþágu á innheimtu þessa skatts til að komast hjá fjárbindingu og óþarfa umstangi og skriffinnsku skattyfirvalda.

<sup>17</sup> Einstaka tvísköttunarsamningar gætu lækkað þennan skatt í 0%, 5% eða 10%.

Það er því nokkuð ljóst að íslensk stjórnvöld þurfa að laga skattalöggjöf sína að EES-reglunum sem fyrst með sama hætti og Noregur, þ.m.t. varðandi reglurnar um afdráttarskatt af arði. Þá þurfa íslensk stjórnvöld að hefja viðræður innan EES um að íslensk fyrirtæki njóti sama réttar hvað þetta varðar og önnur félög innan ESB.

Ríki eru í auknum mæli farin að leggja áherslu á að falla beinlínis frá tvísköttun á arði í tvísköttunarsamningum sín á milli. Þetta kemur t.d. fram í nýrri samningsfyrirmynnd Bandaríkjanna og nýlegum samningum þeirra við Ástralíu, Bretland og Holland. Ísland og Bandaríkin eru nú í viðræðum um nýjan tvísköttunarsamning og væntanlega munu Bandaríkin fara fram á afnám tvísköttunar á hagnaði fyrirtækja. Íslendingar ættu að þekkjast það boð.

Hins vegar er stefna íslensku tvísköttunarnefndarinnar almennt með þeim hætti að menn í atvinnulífinu eru ekki vongóðir um afnám slíkrar tvísköttunar á milli Íslands og Bandaríkjanna, ef til nýs samnings þarf að koma. Einhverra hluta vegna hafa tvísköttunarsamningar Íslands nefnilega kveðið á um tvísköttun frekar en um afnám tvísköttunar, sbr. ákvæði um afdráttarskatta á arði og þóknunum í íslensku samningsfyrirmyndinni, sem leiðir til beinlínis til tvísköttunar á þessar tekjur.

Það er löngu kominn tími til að íslensk stjórnvöld móti skýra stefnu í þessum málum og grípi til skipulagðra aðgerða til að laða til landsins erlent fjármagn og auðveldi innlendum útrásarfyrirtækjum enn frekar að hasla sér völl erlendis í gegnum innlend eignarhaldsfélög. Þannig getur Ísland orðið öflug miðstöð alþjóðlegra fyrirtækja með eða án íslensks bakgrunns.

Hér hlýtur að skipta miklu máli að einfalt er að gera breytingar á íslensku löggjöfinni ef vilji stendur til þess. Þá er ekki síður mikilvægt að íslensk yfirvöld breyti lögunum hvort eð er í ljósi skuldbindinga sinna skv. EES-samningnum, sbr. hinn nýja dóm ESS dómstólsins í "norska bankamálínu". Hér þyrftu fyrst og fremst að koma til tæknilegar breytingar á einstaka ákvæðum íslenskra skattalaga. Slíkar breytingar hefðu lítil áhrif á núverandi skattstofna fyrir ríkissjóð, en breytingar myndu hins vegar skapa grundvöll fyrir verulegar beinar og óbeinar skatttekjur í framtíðinni - eins og dæmin sanna. Það eru því mikil tækifæri fyrir Ísland í samkeppninni um alþjóðlegt fjármagn og brýnt að íslensk stjórnvöld skerpi á markmiðum sínum í þessum efnum.

Þannig hlýtur að vera umhugsunarvert fyrir íslensk stjórnvöld hvort rétt sé að falla alfarið frá afdráttarskatti á arði til erlendra móðurfyrirtækja, líkt og Ungverjar hafa gert, eða falla frá skattinum ef móðurfyrirtækið er í EES-landi eða landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við, sbr. lausnir Íra, Svíu og Norðmanna.

## ... og tökum af festu á skattsvikum

„Útrás hefur aukið skattsvik.“ Í desember dundu yfir landsmenn fréttir af því að útrásarfyrirtækin og ráðgjafar þeirra séu líklega með óhreint mjöl í pokahorninu og reyni ýmislegt til að komast undan því að greiða skatta. Tilefnið var áðurnefnd skýrsla embættismanna um umfang skattsvika á Íslandi. Í inngangi skýrslunnar kemur reyndar fram að ekki var skoðað með faglegum hætti umfang skattsvika hérlendis en samt er komist að þeirri niðurstöðu að nýjum skattsvikaleiðum sem tengjast útlöndum hafi fjölgæð.

Í framhaldinu er vitnað til erlendra rannsókna, sem gefa til kynna að skattsvík tengd alþjóðlegri starfsemi hafi aukist. Það sem sagt er um tilvik tengd Íslandi er að mörg dæmi séu þekkt erlendis um skattsvík sem tengjast alþjóðlegum viðskiptum og að við könnun íslenskra skattyfirvalda komið í ljós slík „tilvik“. Þá voru tíundaðir dómar um skattsvík, sem allir fjölluðu um virðisaukaskatt án þess að greina þau brot frekar.

Skatttekjur ríkissjóðs er grundvöllur íslenska velferðarkerfisins og þjóðfélagsins í heild. Skattsvík, af hvaða toga sem er, eru því alvarleg meinsemd í íslensku þjóðfélagi. Umfjöllun um skattsvík verða að vera vönduð og brýnt að hægt sé að taka mark á fræðilegri umfjöllun um þau. Þær almennu dylgjur sem koma fram gagnvart atvinnulífinu í áðurgreindri skýrslu er til vansa og ekki til þess fallnar að stuðla að frekari árangri í baráttu gegn skattsvíkum.

Verslunarráð leggur áherslu á að tekið sé af festu á öllum skattsvíkum, hvort heldur er vegna innlendra eða alþjóðlegra viðskipta. Skattsvík hvers konar skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja. Enda þótt fá dæmi hafi komið fram hérlandis um skattsvík vegna alþjóðlegra viðskipta er rétt að hafa í huga reynslu annarra ríkja á þessu sviði. Í skýrslu skattsvíkanefndar fjármálaráðherra eru nefnd nokkur tilvik, sem komið hafa upp, aðallega erlendis, og varða skattsvík skv. erlendum lögum sem tengjast alþjóðlegum viðskiptum. Þar á meðal eru nefnd dæmi um málamyndabúsetu erlendis, yfirfærslu hagnaðar til erlends dótturfélags, viðskipti við fjármunaleigur í skattaparadísum og að tekjur erlendis eru ekki taldar fram. Skýrslan varpar hins vegar engu ljósi á það hvort eitthvað af þessu sé raunverulegt vandamál hér á landi eða ekki, en látið að því liggja að svo sé. Þetta eru vægast sagt mjög

óheppileg vinnubrögð í skýrslu sem á að vera fræðilegur grundvöllur á umræðu um skattamál.

Það eru ekki mörg ár síðan íslenskt atvinnulíf einkenndist af litlum fyrirtækjum og örfáum fyrirtækjum sem kallast gátu lítil eða meðalstór fyrirtæki í Evrópu. Nú er svo komið að Íslendingar hafa eignast mörg fyrirtæki sem hafa vaxið hratt og eru af allt annarri stærðargráðu en áður þekktist.

Þau vatnaskil sem orðið hafa í íslensku atvinnulífi þýða að stór fyrirtæki og ráðgjafar þeirra hafa alla burði til þess að öðlast dýpri þekkingu á sviði skattamála sem áður þekktist ekki hér lendis. Nú eru það þannig ekki lengur bara fjármálaráðuneytið og stofnanir þess sem hafa yfirburðaþekkingu á sviði skattamála í landinu. Skattasérfræðingar eru starfandi í æ fleiri fyrirtækjum og hafa nú mun meiri þekkingu í alþjóðlegum skattarétti en áður tíðkaðist í atvinnulífinu. Embættismenn hitta því í atvinnulífinu oft jafningja sína og jafnvel ofjarla á þessu sviði.

Þessi staðreynd kann að vera ein meginástæða þess að stofnanir ráðuneytisins hafa dregið verulega úr samskiptum við atvinnulífið og ráðgjafa þeirra. Þá er alltaf hætta á að menn einblíni á þörfina fyrir aukinni þekkingu innan kerfisins og þörfina fyrir fleiri starfsmenn og þá verður vissulega hætta á að menn geri of mikið úr þeim vanda sem hugsanlega er til staðar og ofmeti þörfina á sértaekum aðgerðum. Þannig mætti fjármálaráðuneytið og skattyfirvöld íhuga hvort rétt sé að taka upp jákvæðari vinnubrögð gagnvart atvinnulífinu eins og tíðkast mjög víða erlendis og einnig t.d. hér hjá Fjármálaeftirlitinu, þar sem fundir og samskipti eftirlitsins og starfsmanna eftirlitsskyldra aðila eru algeng. Slík vinnubrögð leiða til þess að báðir aðilar fá dýpri vitneskju og tilfinningu

fyrir þörfum og starfsemi hvors annars og auka á gagnkvæma virðingu þó ekki séu menn ávallt sammála.

Íslenskt viðskiptalíf heldur ekki hlífiskildi yfir lögbrjótum. Verslunarráð bendir á að órökstuddar alhæfingar, sem varpað er fram hér innanlands í hita dægurmálaumræðu hafa mun varanlegri áhrif en menn trúlega átta sig á. Slík ummæli lifa oft lengi og er varpað fram í alþjóðlegum fjölmöldum jafnvel árum saman. Þau hafa því miður þau áhrif að draga úr trausti á íslenskum fyrirtækjum á alþjóðavettvangi og viðskiptalífinu í heild. Ímynd landsins, sem lands einstaklinga og fyrirtækja sem eru traustir og varanlegir viðskiptaaðilar, er mjög verðmæt og það þarf að hlúa að henni — einkum í heimi alþjóðaviðskipta sem er nú sem aldrei fyrr að einblína á viðskiptasiðferði. Slík neikvæð ummæli sem eru höfð eftir íslenskum stjórnvöldum nýtast samkeppnisaðilunum í þeirra vinnu.



## 5. 15% landið Ísland

Þær hugmyndir sem starfshópar á vegum VÍ hafa unnið að felast í því að einfalda skattkerfið þannig að sem flestir skattar verði 15%. Slík breyting á sér ekki stað í einni svipan en þýðingarmikið er að stjórnvöld stefni að þessu langtíma markmiði og séu meðvituð um að allar ákvarðanir sem teknar eru í skattamálum miði að því að einfalda kerfið í stað þess að flækja það.

Framtíðarsýn Verslunarráðs í skattamálum er sú að stefnt verði að því að tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja verði lækkaður í 15% og um leið verði miðað að því að taka upp eitt 15% þrep í virðisaukaskattskerfinu í staðinn fyrir þau tvö sem nú eru við lýði. Eftirfarandi hugmyndir eru kynntar í kaflanum:

- tekjuskattur einstaklinga verði 15%;
- tekjuskattur fyrirtækja verði 15%;
- virðisaukaskattur verði samræmdur í áföngum í 15%.

Síðar í skýrslunni verður drepið á einföldun vörugjalda á bifreiðar og lagt til að þau verði samræmd í áföngum í 15%. Verslunarráð Íslands vill stuðla að opinni umræðu um íslenskt skattumhverfi og mögulegar breytingar á því. Kostir verulegrar einföldunar á skattkerfinu eru þeir að:

- draga úr svokallaðri fátækragildru þannig að efnaminni launamenn sjái sér meiri hag í því að auka vinnuframlag sitt eða sækja sér meiri menntun án þess að jaðarskattar hafi um of neikvæð áhrif á þróun ráðstöfunartekna þeirra. Þótt jaðarskattar lækki nokkuð með fyrirhuguðum skattalækkunum ríkisstjórnarinnar eru margir einstaklingar með jaðarskatta sem eru riflega fimmtíu af hundraði en einfaldara skattkerfi myndi stuðla að umtalsverðri lækkun jaðarskatta á þessa einstaklinga;
- skattkerfið myndi hvetja til aukinnar skilvirkni í atvinnulífi og draga að sér betur launuð störf. Vegna hárra jaðarskatta komast m.a. verndaðar atvinnugreinar upp með að greiða lægri laun en ella. Háir jaðarskattar á lágar tekjur og millitekjur draga úr hvata starfsfólks til að sækja launahækkanir þar sem hærri laun skerða bætur þegar jaðarskattshlutfall launþega hækkar;
- draga úr skattsvikum og gera fyrir vikið umgjörð allrar efnahagsstarfsemi í landinu heilbrigðari þar sem skattkerfið á ekki að stýra ákvörðunum og hegðun einstaklinga;
- tækifæri gefst til að kynna Ísland sem það land í heiminum sem býr við eitt einfaldasta skattkerfi sem um getur. Á tínum flókins regluvirkis um skattaumhverfi fyrirtækja geta lönd sem sýna frumkvæði við einföldun á skattkerfi sínu náð umtalsverðu forskoti í samkeppni um fjárfesta og erlend fyrirtæki.

Tillögur ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir lækkun tekjuskatts einstaklinga um 3% á næstu árum, úr 24,75% í 21,75 af hundraði. Þegar sú lækkun verður að fullu komin til framkvæmda hefur tekjuskattur einstaklinga lækkað um 8,66 af hundraði frá árinu 1997. Verslunarráð áréttar að vel hefur tekist til í umbótum undanfarinna ríkisstjórna í skattamálum, en betur má ef duga skal. Til lengri tíma litið ætti Ísland að stefna að því að taka forystu á meðal þjóða í skattaumbótum með breiða skattstofna og lágum, jöfnum skatthlutföllum á tekjur, vörur og þjónustu.

### Hvað eru jaðarskattar?

Jaðarskattar tákna hve mikið af tekjuaukningu skattgreiðanda rennur til hins opinbera. Tekið er tillit til greiðslna til ríkissins í gegnum skattkerfið og greiðslu ýmiss konar bóta og hlunninda sem lækka þegar tekjur bótaþega hækka. Virðisaukaskattur telst ekki til jaðarskatta vegna þess að greiðslur á honum fara ekki eftir tekjum. Ef launamenn eru með lægri tekjur en 75.062 kr. á mánuði greiða þeir hvorki tekjuskatt né útsvar og ef þeir þiggja ekki heldur tekjutengdar bætur þá er jaðarskattur þeirra núll.

### Tekjuskattur einstaklinga verði 15%

Í núverandi skattkerfi greiða einstaklingar tekjuskatt (24,75%) og útsvar (12,98%) af tekjum sínum en á móti koma ótekjutengdur persónuafsláttur, barna- og vaxtabætur auk ýmissa annarra bóta, styrkja og afslátta sem koma til lækkunar á skattbyrði launamanna.

Íslenskt skattkerfi er uppbyggt á þann veg að mjög margir greiða engan tekjuskatt en þiggja hins vegar margvíslegar bætur úr ríkissjóði. Á sama tíma standa margir launamenn frammi fyrir háum jaðarsköttum svo aukið

vinnuframlag eða sókn til betri kjara skilar lítilli aukningu ráðstöfunartekna vegna samspils aukinna skattaálagna og lækkunar á heimtun bóta.

Dæmi eru um að riflega önnur hver króna af launaviðbót fari til ríkisins í einhverju formi. Sökum þessa hefur núverandi skattkerfi vinnuletfjandi áhrif á launafólk sem hefur smitandi áhrif út í viðskiptalífið í heild sinni. Þannig er mikilvægt að feta áfram eftir braut lægra skattahlutfalls og einfaldara bótakerfis við stjórn ríkisfjármála.

Tekjuskattshlutfall einstaklinga af atvinnutekjum er breytilegt eftir tekjum. Umræða um skattheimtu er hins vegar bjöguð ef ekki er tekið tillit til samspils skatta og bótakerfis, t.a.m. vaxta- og barnabóta. Eins og skattkerfið er uppbyggt greiðir stór hópur launamanna engan tekjuskatt og þiggur bætur af ýmsum toga en minnihluti framteljenda greiðir meira til ríkissjóðs en hann þiggur í bætur.

Hugmyndir Verslunarráðs miða að því að tekjuskattur á einstaklinga verði lækkaður í 15% en ekki verði dregið úr barnabótum. Skv. nýlegum útreikningum kallar heildarkostnaður við árlegar barnabætur á um 1,46% hærri tekjuskatt en ef þeirra nytí ekki við, en Verslunarráð telur ekki forsendur fyrir niðurfellingu barnabóta. Eins og rætt er síðar í skýrslunni telur Verslunarráð hins vegar fulla ástæðu til að taka til endurskoðunar núverandi kerfi vaxtabóta, persónuafsláttar auk annarra bóta og afslátta.

Tillögur Verslunarráðs miða að því að bæta almenn lífskjör og eiga að gagnast bæði hátekju- og lágtekjfólkum um leið og þær draga úr vinnuletfjandi áhrifum jaðarskatta á atvinnutekjur launamanna.


## Gallar núverandi kerfis

Núverandi tekjuskattskerfi er óskilvirkt og háir jaðarskattar hvetja til undanskota. Þróun jaðarskatta við vaxandi atvinnutekjur hefur vinnuletfjandi áhrif og er til þess fallin að auka velferðartap samfélagsins, þar sem fólk sækir sér líklega minni vinnu vegna hárra jaðarskatta. Að sama skapi hefur núverandi kerfi neikvæð áhrif á fólk með lágar- eða meðaltekjur.

Eftirfarandi eru helstu gallar núverandi skattkerfis að mati Verslunarráðs:

- með tekjutengingu á barna- og vaxtabótum í skattkerfinu eru jaðarskattar fólks með meðal- og lágtækjur á tíðum fimmtíu af hundraði. Þannig má segja að samspil bóta og skattheimtu magni upp hættu á því að launþegar festist í fátæktargildru. Háir jaðarskattar gera lágtækjufólki erfitt fyrir að afla aukinna tekna því viðbótarlaun þýða hærri skatta og lægri bætur;
- flókið og ómarkvisst kerfi er þess valdandi að þúsundir íslenskra fjölskyldna eru bótaþegar hjá ríkissjóði. Umtalsverða þekkingu þarf á kerfinu og margir þurfa að leita aðstoðar sérfræðinga til að fullnýta afslætti og undanþágur sem þeim bjóðast;
- kerfið hefur áhrif á ákvarðanir fólks. Þannig stuðlar kerfið að rangri skráningu sambúðarfólks vegna undanbragða til að hagnast á glufum í skatta- og bótareglum. Í skýrslu nefndar fjármálaráðherra um umfang skattsvika hér á landi segir m.a. „...að ástæða sé til að huga að breytingum á reglum um bætur í skattkerfinu og að e.t.v. verði leitað annarra leiða til að rétta hlut einstæðra foreldra en í gegnum skattkerfið með hærri barnabótum og vaxtabótum en til sambúðarfólks“.

## Hlutfall útsvars og tekjuskatttus



Eins og ofangreind mynd sýnir hefur hlutur ríkisins í staðgreiðslukerfinu farið lækkandi á síðasta áratug á meðan hlutur sveitafélaga hefur vaxið á sama tíma.

Það er einörð skoðun Verslunarráðs að æskilegt sé að rjúfa í sem ríkustum mæli tengslin á milli félagslegs bótakerfis og skattkerfis til að fækka þeim göllum sem nefndir eru að framan. Eins og sakir standa eru markmið velferðarkerfisins að tryggja lágtekjufólki og bótaþegum fasta mánaðarlega framfærslu og njóta 33.534 einstaklingar vaxtabóta og 34.002 njóta einhverra barnabóta; stór hluti þjóðarinnar er því bótaþegar.

Með stærri sveitarfélögum eru þau betur í stakk búin til að taka yfir bótakerfið en þau voru fyrir nokkrum árum síðan. Sökum þessa er eðlilegt að skoða í kjölinn hvort skerpa megi á meginmarkmiðum bótakerfisins og athuga hvort aðskilnaður kerfanna skili sér í aukinni hagkvæmni og skilvirkni þeirra. Aukið gagnsæi, breiðari tekjustofnar og vaxandi tilfinning launamanna fyrir skattbyrði sinni eru aðeins nokkrir af fjölmörgum kostum slíkra breytinga —

sem ekki koma til framkvæmda nema við gagngera endurskoðun á núverandi kerfi.

Í sömu svipan og hugmyndir eru reifaðar að verulegri lækkun tekjuskattshlutfalls er eðlilegt að bætur og fyrirkomulag skattaafsláttta komi til endurskoðunar. Þar má t.a.m. nefna hugsanlega endurskoðun húsaleigu- og vaxtabóta, sjómannaafsláttar, dagpeninga og bifreiðastyrkja. Hins vegar taka hugmyndir Verslunarráðs ekki til ofangreindra þátta, enda hafa þeir ekki ráðandi áhrif á skattbyrði alls þorra launamanna.

## Útrás hátekjufólks

Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að hátekjufólk á Norðurlöndum flytji búferlum til Lundúna og greiði skatta af tekjum sínum þar. Ástæða þessa er meðal annars sú að skattar á útlendinga á Bretlandseyjum eru umtalsvert lægri en á Norðurlöndum. Ef tekjur útlendinga sem búa í Lundúnum eru ekki upprunnar þar í landi greiða viðkomandi aðilar mjög lágan skatt af þeim tekjum, eða sem jafngildir um fimmtungi tekna en stigvaxandi sérstakur tekjuskattur leggst á árstekjur yfir 36.000 sterlingspundum.

Sú þróun að hátekjufólk flytji búferlum til útlanda hefur einnig átt sér stað hérlandis þótt ástæður þeirra verði fyrst og fremst raktar til útrásarstarfsemi íslenskra fyrirtækja.

## Jaðarskattar sverfa að konum

Jaðarskattar skerða arðsemi framhaldsmenntunar óvenjumikið á Íslandi miðað við önnur OECD-lönd og leggjast þyngra á íslenskar konur en karla. Ástæðan er öðrum fremur sú að skattbýrði eykst hröðum skrefum á því tekjubili sem konur færast eftir þegar þær sækja sér aukna menntun, eins og fram kom í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um arðsemi menntunar, sem gefin var út í ágústmánuði árið 2004.

### Skattbýrði á Íslandi eftir menntunarstigi

	Skattbýrði kvenna	Skattbýrði karla	Hlutf. vöxtur í skattbýrði á milli skólastiga	
Grunnskólamenntun .....	15%	22%	Konur	Karlar
Framhaldsskólamenntun.....	19%	27%	27%	23%
Háskólamenntun.....	26%	30%	37%	11%

Þannig eykst skattbýrði fyrir áhrif jaðarskatta um sjö af hundraði sem jafngildir 37% hlutfallshækkun hjá konum við háskólamenntun og um 3% sem jafngildir 11% hlutfallshækkun hjá körlum við háskólamenntun eins og sýnt er í ofangreindri töflu.

Þýðingarmikið er að sporna gegn því að sama þróun verði hér á landi og í nágrannalöndum okkar þar sem einstaklingar flytjast búferlum fyrst og fremst af skattalegum ástæðum enda verður ríkissjóður af skatttekjum með of hárrí skattlagningu á þá sem hæst laun hafa. Með einföldun skatta á hátekjufólk má bæta samkeppnisstöðu Íslands í þessu sambandi og treysta frekar tekjugrunn ríkissjóðs.

Hátekjufólk, með hvers konar rekstur, hefur í vaxandi mæli stofnað einkahlutafélög sem greiða því laun og síðan arð umfram tiltekin viðmið Ríkisskattstjóra. Ástæða þessa er að hluta til vegna skattahlunninda. Þannig getur sjálfstætt starfandi hátekjumaður sem áætlar að hafa 1,2 milljónir í tekjur á mánuði stofnað einkahlutafélag og greitt sér í laun um 600 þúsund samkvæmt viðmiði Ríkisskattstjóra og fengið afganginn í formi arðs.

Maðurinn greiðir þá tæplega 200 þúsund kr. í tekjuskatt, einkahlutafélag hans greiðir 18% skatt af hagnaðinum og sjálfur greiðir hann 10% skatt af arðinum. Skatthlutfall þessa einstaklings er rúmlega 30%.<sup>18</sup> Launamaður með sömu tekjur myndi á hinn bóginn greiða sem nemur um 37%.

Með nýju fyrirkomulagi myndi hvati hátekjufólks til þess að stofna sérstök einkahlutafélög eða að flytja búferlum til annarra landa m.a. í því skyni að spara skattgreiðslur minnka umtalsvert. Samanburðurinn er eftirfarandi miðað við álagstölur ársins 2005 í núverandi skattkerfi:

---

<sup>18</sup> Hafa ber í huga að þegar hefur verið ákveðið að tekjuskattur lækki um 3% á þessu kjörtímabili.

<b>Einkahlutafélag</b>	<b>Launamaður</b>
Atvinnutekjur..... 600.000	Atvinnutekjur..... 1.200.000
- 37,73% tekjuskattur..... 198.060	- 37,73% tekjuskattur <sup>19</sup> ..... 424.440
- 2% sérst. tekjuskattur..... 5.014	- 2% sérst. tekjuskattur <sup>20</sup> .... 17.014
Greiddur hagnaður ..... 600.000	
- 18% skattur af hagnaði..... 108.000	
- 10 % skattur af arði ..... 49.200	
Greiddur heildarskattur ..... 360.274	Greiddur heildarskattur .... 441.454
Skattbyrði..... 30,02%	Skattbyrði..... 36,79%
<b>Tekjur e. skatta..... 839.726</b>	<b>Tekjur e. skatta..... 758.546</b>

Hlutfallslegur munur á tekjum að frádregnum sköttum er því riflega 10% og því getur verið umtalsvert skattalegt hagraeði fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga að stofna einkahlutafélag um sjálfa sig. Á meðan svo er munu einhverjir velja þessa leið til að lágmarka árlega skattbyrði sína.

Lækkun tekjuskatta einstaklinga niður í 15% er raunhæft framhald þeirrar lækkunar tekjuskatts sem framkvæmd hefur verið á undanförnum árum. Í nýlegri könnun (apríl 2003) á vegum fjármálaráðuneytisins um skattsvík kemur fram að um 70% svarenda eru sammála þeirri fullyrðingu að skiljanlegt sé að

---


<sup>19</sup> Til einföldunar er ekki tekið tillit til 4-8% lífeyrisgreiðslna og skattstofn því metinn sem heildaratvinnutekjur í stað 92-96% af heildaratvinnutekjum. Tekið er tillit til persónuafsláttar að fjárhæð 28.321 kr. á mánuði í báðum tilvikum.

<sup>20</sup> Sérstakur tekjuskattur greiðist af mánaðartekjum einstaklinga á árinu 2005 umfram 349.307 kr.

fólk vinni fyrir tekjum sem það geti skotið undan skatti. Ástæða þessa er augljóslega há skatthlutföll og jaðarskattar.

### Laffer-ferillinn og skilvirkasta skatthlutfall

Laffer-ferill sýnir samband skatttekna og skatthlutfalls sem heimt er af atvinnutekjum eins og neðangreind mynd sýnir.



Hugmyndin að baki ferlinum byggir á því að ríkissjóður hafi tvær leiðir að sömu skatttekjum. Annars vegar getur skatthlutfallið verið afar hátt (í punkti A) en þá aukast undanskot og ríkissjóður tapar fé á endanum, eða að skatthlutfallið getur verið lágt (í punkti B) þannig að heimtur ríkissjóðs aukist við lægra hlutfall.

Ljóst er að lækkun tekjuskatts í 15% mun leiða til nokkurrar lækkunar á tekjum ríkisins en um leið er þýðingarmikið að hafa í huga þau tækifæri sem gefast til

að stuðla að minni skattsvikum. Þá mun einfaldara kerfi og lægri jaðarskattar hvetja einstaklinga til vinnusemi.

## Tvær tillögur að útfærslu 15% tekjuskatts

Á næstu síðum verður stuttlega gerð grein fyrir hugmyndum Verslunarráðs Íslands um fyrirkomulag á nýju tekjuskattskerfi einstaklinga. Í því augnamiði að draga upp raunhæfa mynd af þróun skattbyrði stórra launaþegahópa eru áhrif skattbreytinganna á ráðstöfunartekjur og jaðarskattbyrði hjóna með tvö börn á framfæri metin. Tillögurnar eru sprottnar af sama meiði og stuðla báðar að einfaldara skattkerfi en ganga mislangt í þeim eftirnum.

### Tillaga 1: 15% tekjuskattur, útsvar og bótaferfi óbreytt

Fyrri hugmyndin um flatan 15% tekjuskatt byggir á óbreyttum barnabótum, útsvari og vaxtabótum en lækkuðum persónuafslætti og má líta á sem eins konar framhald af lækkun tekjuskattshlutfalla eins og ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa staðið fyrir.

Eins og sakir standa ýtir tekjutenging vaxta- og barnabóta undir neikvæð jaðarskattsáhrif bótaferfisins. Prátt fyrir að tillagan geri ekki ráð fyrir endurskoðun á þessum bótum er það skoðun Verslunarráðs Íslands að í beinu framhaldi af skattalækkunum sé heppilegt að gaumgæfa hvort endurskoðun bótaferfis geti stuðlað að einföldun skattkerfisins og aukið skilvirkni þess.

Nánari útfærsla hugmyndarinnar gerir ráð fyrir að tekjuskattshlutfallið verði lækkað í 15% en útsvarshlutfallið verði áfram að meðaltali 12,98% sem jafngildir 27,98% skatthlutfalli. Gert er ráð fyrir afnámi sérstaks tekjuskatts og

að ótekjutengdur persónuafsláttur að fjárhæð 21.002 kr. á mánuði<sup>21</sup> verði veittur öllum launþegum óháð tekjum þeirra. Í tillögunni er skattleysismörkum því haldið óbreyttum og gert er ráð fyrir óbreyttu skipulagi á barna- og vaxtabótum.


Lækkun persónuafsláttar er til þess fallin að dempa verulega tekjuáhrif breytinganna á ríkissjóð, enda er persónuafsláttur honum þungur í skauti. Þannig mun lækkun persónuafsláttar þýða mun minni áhrif á ríkissjóð vegna ofangreinda skattalækkana en ella — án þess þó á skattleysismörk breytist. Nánar verður rætt um áhrif breytinganna á tekjur ríkissjóðs seinna í kaflanum.

Í útreikningum var fyrst borin saman<sup>22</sup> þróunin á skattbyrði hjóna með tvö börn á framfæri, þar af eitt þeirra yngra en sjö ára milli núverandi kerfis og þess sem Verslunarráð leggur til. Helstu niðurstöður eru þær að ráðstöfunartekjur hjóna með tvö börn á framfæri hækka að jafnaði um 8,2%, minnst hjá þeim launalægstu en mest meðal þeirra launahæstu. Sé litið til meðaltekna hjóna á landinu þá má gera ráð fyrir að ráðstöfunartekjur hjóna með um 550.000 kr. í mánaðartekjur vaxi um sem nemur níu af hundraði.

---

<sup>21</sup> Sem jafngildir 252.024 kr. á ári fyrir einstakling og 504.048 kr. fyrir hjón.

<sup>22</sup> Miðað er við tekjuárið 2004



Að sama skapi lækka jaðarskattar á öllum tekjubilum umtalsvert eða um 13% að jafnaði sem eykur möguleika launafólks til að rétta hag sinn með auknu vinnuframlagi. Þannig minnkar jaðarskattbyrði hjóna að jafnaði um 10% en mest er lækkun jaðarskattbyrðar hjá hjónum með yfir 720.000 kr. í heildarmánaðartekjur, eða rúm 13% í samanburði við núverandi kerfi<sup>23</sup> eins og ofangreind mynd sýnir.

Við breytingarnar sem ræddar eru að ofan lækkar hlutfall ríkisins í tekjuskatti um 9,75% en á sama tíma dregur úr jaðarsköttum og hvati eykst hjá launþegum til aukins vinnuframlags. Áætla má að lækkun hvers prósentustigs í tekjuskatti þýði um 3-4 milljarða tekjutap fyrir ríkissjóð.

---

<sup>23</sup> Sér í lagi vegna afnáms sérstaks tekjuskatts. Alþingi hefur þegar samþykkt að sérstakur tekjuskattur verði afnuminn með lögum, en hann var hæstur 7% fyrir nokkrum árum.

Hins vegar er erfitt að henda reiður á nákvæma fjárhæð í þessu sambandi þar sem lægri skattar draga úr undanskotum og gera efnahagslífið heilbrigðara. Á móti kemur að verulegur sparnaður næst með lækkun persónuafsláttar þannig að skattleysismörk haldist óbreytt. Þannig má áætla að allt að þriðjungur af kostnaði ríkissjóðs við skattalækkunina verði náð til baka með lækkun persónuafsláttar hvers launþega um 87.822 kr. á ári.

Aukinn hvati til vinnu vegna lægri jaðarskatta mun að öllu jöfnu hækka atvinnutekjur launamanna þannig að tekjur heimtar með lægra tekjuskattshlutfalli reiknast af umtalsvert breiðari skattstofni en áður. Verslunarráð Íslands hefur bent á leiðir til lækkunar útgjalda ríkissjóðs og á sama tíma og skattar eru lækkaðir er eðlilegt að fram fari gagnger skoðun á því hvernig draga megi úr ríkisumsvifum og auka ráðdeild í ríkisrekstri.

### Áhrif á tekjulága einstaklinga

Ef litið er til einstaklings með 100.000 kr. í mánaðartekjur er reiknaður skattur 37.730 kr. á mánuði miðað við núverandi kerfi skv. staðgreiðsluhlutfalli fyrir árið 2005. Til frádráttar kemur persónuafsláttur upp á 28.321 kr. þannig að mánaðarleg staðgreiðsla hans í núverandi kerfi er 9.409 kr.

Í tillögum Verslunarráðs er reiknaður skattur sama einstaklings 27.980 kr. á mánuði en til frádráttar kemur persónuafsláttur upp á 21.002 kr. Mánaðarleg staðgreiðsla hans skv. tillögu ráðsins væri því 6.978 kr.

Skattbyrði hans léttist því um fjórðung.

Í vinnu Verslunarráðs Íslands var hugað sérstaklega að því að samræma skattheimtu á lögaðila og einstaklinga. Þannig var talið eðlilegt að samanlagður tekjuskattur lögaðila ásamt fjármagnstekjuskatti verði sem næst tekjuskattshlutfalli einstaklinga.

Við núverandi skattkerfi er skatthlutfall einstaklinga 37,73% ( $24,75\% + 12,98\% = 37,73\%$ ) en er hins vegar 26,2% ( $18\% + (1-0,18) * 10\%$ ) á lögaðila. Í tillögum Verslunarráðs er tekjuskattshlutfall einstaklinga að meðtöldu útsvari 27,98% ( $15\% + 12,98\% = 27,98\%$ ) og tekjuskattur fyrirtækja, skv. tillögu Verslunarráðs, hins vegar 23,5% (þ.e.  $15\% + ((1-0,15) * 10\%) = 23,5\%$ ). Þannig miða hugmyndir Verslunarráðs Íslands að því að draga verulega úr þeim mun sem nú er á milli skattheimtu á lögaðila og einstaklinga.

### Eistar taka upp flatt skatthlutfall

Eistneska ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum fetað sig eftir braut skattalækkana bæði á fyrirtæki og einstaklinga. Eins og sakir standa eru 24% skattar á tekjur fyrirtækja og einstaklinga í Eistlandi en skattalækkunartillögur ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir að hlutfallið verði lækkað í tveimur þrepum niður í fimmtung árið 2007. Fjármagnstekjur eru skattlagðar á sama máta og aðrar tekjur og þannig er gert ráð fyrir að innan tveggja ára verði heimtur 20% skattur af öllum fjármagnstekjum í landinu.

Hugmyndafræði eistnesku ríkisstjórnarinnar er sprottin af sama meiði og Verslunarráðs Íslands enda hefur markmið hennar verið að koma á umbótum á skattkerfinu með það að leiðarljósi að einfalda kerfið og auka gagnsæi þess.

## Tillaga 2: 15% tekjuskattur með útsvari, barnabætur hækkaðar, tekjutengdur persónuafsláttur og vaxtabætur afnumdar

Hér er lögð til gagnger endurskoðun á kerfi skattheimtu og úthlutun bóta sem miðar að því að draga verulega úr áhrifum jaðarskatta á sama tíma og henni er ætlað að minnka umfang bótakerfisins. Að grunni til hverfist hugmyndin um það að vaxtabætur verði lagðar af í núverandi mynd, persónuafsláttur lækkaður og hann tekjutengdur — en litlar breytingar gerðar á barnabótakerfinu. Að sama skapi er gert ráð fyrir því að útsvar verði áfram 12,98% að jafnaði en að hlutur ríkissjóðs í staðgreiðslukerfinu verði lækkaður í 2,02%. Tillagan miðar því að raunverulega flötum 15% tekjuskatti.

Tekjutenging persónuafsláttar markar vatnaskil í umræðu um tekjuskatt einstaklinga. Verslunarráð áréttar mikilvægi þess að komið sé til móts við lágtækufólk enda er persónuafslátturinn þeim mikilvægastur allra launamanna og tekjutenging til þess fallinn að tryggja hag þessa hóps þrátt fyrir að hún auki vissulega jaðarskattsáhrif á atvinnutekjur. Tekjutenging persónuafsláttar tryggir hins vegar að þeir sem lægstar tekjur hafa greiða ekki skatta en stuðlar samhliða að því að launamenn með hærri tekjur greiði skatta af öllum atvinnutekjum sínum þar sem persónuafsláttur þeirra skerðist að fullu.

Nánari útfærsla gerir ráð fyrir tekjutengdum mánaðarlegum persónuafslætti að fjárhæð 20.000 kr. sem skerðist um 1.000 kr. við 10.000 kr. hækjun atvinnutekna, þannig að miðað er við að einstaklingur með u.p.b. 200.000 kr. mánaðartekjur (fjárhæðin er tvöfalt hærri hjá hjónum) þurfi ekki að nýta sér persónuafslátt og greiði fullan tekjuskatt af atvinnutekjum sínum.

Jafnframt eru hugmyndir uppi um að skjóta styrkari stoðum undir barnabótakerfið þannig að einstæðum foreldrum verði greiddar 350.000 kr. og hjónum 250.000 kr. með hverju barni á ári. Hins vegar verði skerðingl aukin þannig að tekjutengd skerðing nemí 5% vegna eins barns, 10% vegna tveggja barna og 12% vegna þriggja barna eins og sýnt er hér:

### Samanburður á hjónum með tvö börn á framfæri, annað yngra en 7 ára

**Núverandi kerfi<sup>24</sup>**      **Tillögur VÍ**

#### **Tekjuskattur og útsvar**

Persónuafsláttur .....	659.896	480.000 <sup>25</sup>
Tekjuskattshlutfall .....	25,75%	2,02%
Útsvar .....	12,79%	12,98%
Sérstakur tekjuskattur .....	4,00%	0%
Ársteckjuviðmiðun fyrir sérst. tekjuskatt ....	8.383.372 kr	—

#### **Barnabætur**

Barnabætur með 1. barni .....	126.952	250.000
Barnabætur með börnum umfram eitt .....	151.114	250.000
Viðbót v. barna yngri en 7 ára (ótekjt.).....	37.397	0
Skerðingarmörk tekna.....	1.444.140	1.444.140
Skerðingarhlutfall 1 barn.....	3%	5%
Skerðingarhlutfall 2 börn.....	7%	10%
Skerðingarhlutfall 3 börn.....	9%	12%

<sup>24</sup> Miðað er við tekjuárið 2004


<sup>25</sup> Tekinn er upp 20.000 kr. persónuafsláttur á mánuði á mann sem lækkar um 1.000 kr. við hverja 10.000 kr. hækkun á tekjum. Árlegur persónuafsláttur hjóna verður því:  $20.000 * 12 * 2 = 480.000$  kr.

### Vaxtabætur

Vaxtagjöld.....	600.000	0
Hámark vaxtabóta.....	244.985	0
Skerðing vaxtabóta.....	6%	0
Tekjuskattur+útsvar .....	38,54%	15,00%
Fjöldi barna yngri en 7 ára .....	1	1
<u>Fjöldi barna 7 ára og eldri .....</u>	<u>1</u>	<u>1</u>

Í ofangreindri töflu eru forsendur útreikninga á skattbyrði *hjóna með tvö börn á framfæri, þar af eitt yngra en sjö ára*, við tekjutengingu persónuafsláttar og afnám vaxtabóta. Að ofangreindum forsendum gefnum mun jaðarskattbyrði hjóna með tvö börn á framfæri lækka að meðaltali um tæp 18% frá núverandi kerfi, minnst hjá þeim tekjulægstu eða um 10% hjá hjónum með 200.000 kr. í samanlagðar mánaðartekjur og yfir 18% hjá hjónum með yfir 550.000 kr. í samanlagðar mánaðartekjur, eins og dregið er upp á neðangreindri mynd.

### Þróun jaðarskatta í seinni tillögu Verslunarráðs Íslands



Svipaða sögu er að segja af meðalskattbyrði af tekjum hjóna með tvö börn sem lækkar að meðaltali um rúm 6%<sup>26</sup> og meðalráðstöfunartekjur aukast að jafnaði um tæplega 9 af hundraði. Vegna samspils tekjutengds persónuafsláttar og barnabóta myndast talsverð jaðaráhrif innan skattkerfisins eins og myndin sýnir. Hins vegar ber að líta til þess að jaðarskattbyrði lækkar á öllum stigum en ógerningur er að eyða öllum jaðaráhrifum úr skattkerfinu. Hins vegar eru engir foreldrar með tvö börn á framfæri með jaðarskatta yfir 34 af hundraði í tillögu Verslunarráðs á meðan sami hópur býr við allt að 49% jaðarskatta í núverandi skattkerfi.

Samkvæmt eldri útreikningum myndu tekjur ríkis og sveitarfélaga verða óbreyttar frá núverandi kerfi verði hlutfall tekjuskatts að meðtoldu útsvari 16-17% en enginn persónuafsláttur, vaxta- eða barnabætur greiddar. Sú tillaga sem hér er kynnt felur hins vegar í sér tekjutengdan persónuafslátt og barnabætur og hefur í för með sér umtalsvert minni tekjur fyrir ríkissjóð. Þannig má ætla að nettókostnaður við lækkun hvers prósentustigs hlaupi á bilinu 3-4 milljarðar króna. Hins vegar verður að líta til þess að tækifærin, sem skapast með einföldu skattkerfi eru óþróttandi:

- Með einföldun kerfisins minnka skattaundanskot umtalsvert. Þau eru talin nema 4-5% af landsframleiðslu. Það er því til mikils að vinna með lágum hlutföllum.
- vinnuhvetjandi áhrif kerfisins leiða til aukinna veltuáhrifa.
- endurskoðun ýmissa bóta og skattaafsláttta léttir byrðar á ríkissjóði;

---

<sup>26</sup> Ef miðað er við hjón með 200.000 kr. eða hærri samanlagðar mánaðartekjur lækkar meðalskattbyrðin um 9%.

- auk þess sem frekari lækkun skatta ætti að vera góður hvati fyrir stjórnvöld til að skoða af alvöru leiðir til sparnaðar í ríkisrekstri.

Minna má á að umtalsverð lækkun tekjuskatts fyrirtækja hefur haft í för með sér verulega hækkun tekna ríkissjóðs af tekjuskatti fyrirtækja og einfaldur og breiður fjármagnstekjuskattur hefur þegar sannað ágæti sitt. Verslunarráð vonar að stjórnvöld grípi tækifærí og einfaldi skattkerfið og magni upp kraft í íslensku athafnalífi til hagsbóta fyrir landsmenn alla.

## Skattlausa árið 1987

Haustið 1986 tilkynnti þáverandi ríkisstjórn fyrirætlanir sínar um upptöku staðgreiðslu tekjuskatts og einföldunar á skattheimtu ríkissjóðs. Auk staðgreiðslu skatta var tekið upp eitt skattþrep í 35,2% í stað fjögurra mismunandi þrepa og persónuafsláttur kom í stað ýmiss konar afslátta og undanþága sem veittar voru launamönnum undir mismunandi forsendum.

Skattaumbæturnar voru boðaðar þrátt fyrir að meðalskattbyrði á Íslandi hafi verið lág í samanborið við skattbyrði annara launamanna á Norðurlöndum. Vegna gríðarflókins bótakerfis var jaðarskattbyrði einstakra hópa hins vegar rétt um 56,3%. Upptöku persónuafsláttar var stefnt gegn óhóflegum jaðarskattsáhrifum sem hafði þau áhrif að verulega dró úr skattbyrði lágtækjufólks á sama tíma og jaðarskattar lækkuðu verulega hjá hátekjufólki.

Eins og sakir standa í upphafi árs 2005 er tekjuskattshlutfallið 37,73% og jaðarskattar riflega 50% hjá einstaka launahópum – eða á svipuðum slóðum og árið 1986 þegar uppstokkun var gerð á skattskerfinu. Tími til umbóta á skattskerfinu er runninn upp.

## Virðisaukaskattur 15%

Virðisaukaskattskerfið var tekið upp árið 1990 með einni almennri skattprósentu 24,5% en árið 1993 var bætt við öðru 14% þrepi á valda vöru- og þjónustuflokka. Almenna þrepið í virðisaukaskatti er 24,5% á meðan innheimtur er 14% virðisaukaskattur af útleigu hótel- og gistiherbergja og annarri gistiþjónustu, afnotagjöldum hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva, sölu tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða, sölu bóka, sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns, sölu á flestum matvælum, s.s. kjöti, nýlenduvörum, morgunkorni o.fl. vörum til manneldis.

Virðisaukaskattur er almennum neysluskattur sem innheimtur er af innlendum viðskiptum á öllum stigum, auk þess sem hann er innheimtur við innflutning á vöru og þjónustu. Virðisaukaskattur leggst þannig á endanlega neyslu. Ekki er greiddur virðisaukaskattur af tekjum af heilbrigðisþjónustu, þjónustu barnaheimila og skóla, aðgangseyri af söfnum, íþróttastarfsemi, fólksflutningum, póstþjónustu og þjónustu banka og vátryggingarfélaga.

Hver skattskyldur aðili leggur skatt (útskatt) á söluverð sitt en við skil á skattinum í ríkissjóð dregur hann frá þann skatt (innskatt) sem hann hefur áður greitt af t.am. aðföngum. Skatturinn leggst þannig á mismun söluverðs og kaupverðs á hverju stigi, þ.e. á þann virðisauka sem verður hjá hverju einstöku fyrirtæki. Með þessu móti er komið í veg fyrir að um tvísköttun sé að ræða. Virðisaukaskattur er ein helsta tekjulind ríkissjóðs. Í fjárlögum 2005 er gert ráð fyrir að tekjur af virðisaukaskatti verði 101,4 milljarðar króna, eða sem svarar 36% af skatttekjum ríkissjóðs á því ári. Mestur hluti tekna af virðisaukaskatti er úr efra þrepinu, en tæplega fimm tungur úr neðra þrepri.

Velta getur verið skattskyld, undanþegin í skattskyldri starfsemi eða velta í óskattskyldri starfsemi. Skattskyld velta fer eftir venjulegum leiðum, innskattur er frádráttarbær og salan skattskyld. Þegar um er að ræða veltu í skattskyldri starfsemi sem er undanþegin, þá er innskattur frádráttarbær, en ekki lagður virðisaukaskattur á sölu. Þetta á t.d. við um útflutningsvöru og -þjónustu. Að lokum er um að ræða veltu í óskattskyldri starfsemi sem er t.d. rekstur opinberra stofnana. Ekki er lagður virðisaukaskattur á sölu þessarar starfsemi en að auki er innskattur ekki frádráttarbær.

### Flókið skattkerfi ekki einsdæmi

Því miður er flókið skattkerfi og skrifraði því tengt ekki einsdæmi. Skattskýrsla Citigroup-samstæðunnar í Bandaríkjunum sýnir hversu flókin skattskil geta verið, en skýrsla ársins 1998 var upp á riflega 30 þúsund blaðsíður. Einstök ríki í Bandaríkjunum hafa að auki byggt upp afar óskilvirk og flókið söluskattkerfi. Þannig voru M&M-nammikúlur skattlagðar í New York-ríki en M&M Mini-kúlur voru það hins vegar ekki. Twix-súkkulaði var að sama skapi skattlagt en ef Twix var keypt í stærri kössum þá var ekki lagður á það skattur.

### Kostir og gallar virðisaukaskattkerfisins

Ósamræmi í skatthlutföllum hefur neylustýringu í för með sér í átt að vörum sem eru lægra skattlagðar. Neylustýring er til þess fallin að draga úr skilvirkni hagkerfisins.

Gott skattkerfi aflar hinu opinbera tekna á þann hátt að það valdi sem minnstri bjögun innan hagkerfisins. Besta leiðin til að tryggja það er með því að skattlagningin sé skilvirk, skatthlutfall lágt og skattstofnar breiðir. Þá þarf

skattkerfið að vera einfalt til að halda kostnaði við framkvæmd og eftirlit í lágmarki.

Almennt virðisaukaskatthlutfall á Íslandi er eitt það hæsta í heimi, eða 24,5%. Skatthlutfallið er hæst í Danmörku og Svíþjóð, um 25% en í ESB-ríkjunum er skatthlutfallið að meðaltali tæplega 20 af hundraði. Eftir því sem virðisaukaskatthlutfall er hærra, því meiri áhrif hefur skatturinn á almennt vörugerð og því meiri verður hvatinn til undanskota.

Í upphafi var skattstofn virðisaukaskatts hér á landi nokkuð breiður og hefur hann breikkað í áranna rás með upptöku lægra skattþrepsins. Sumar tegundir þjónustu bera þó ekki virðisaukaskatt eins og heilbrigðisþjónusta, félagsleg þjónusta, flest kennslustarfsemi, íþróttastarfsemi, fólksflutningar og þjónusta lálastofnana. Hins vegar er mikilvægt að áréttu að þessi starfsemi ber fullan innskatt af aðkeyptum vörum og þjónustu sem rekstraraðilar gætu útskattað ef starfsemi þeirra væri virðisaukaskattsskyld – og sökum þessa er villandi að tala um skattleysi ofangreindra greina. Verslunarráð hefur áður bent á þessa vankanta, m.a. á ítarlegan máta í skýrslu sinni til Viðskiptaþings árið 2004.

## 15% flatt vörugjald á allar bifreiðar

Ríkið skattleggur vörur með allt að ferns konar hætti þegar virðisaukaskatti hefur verið bætt ofan á tolla, magntolla og vörugjöld. Tökum dæmi af bílgreininni en hún býr við þéttan frumskóg vörugjalda. Fyrir áramót birtust auglýsingar frá bílasölu þar sem spurt var hvort fjármálaráðuneytið muni hækka vörugjald af pallbílum! Segja má að þessi auglýsing sýni að í skattlagningu bifreiða ríki enn sá fortíðarvandi sem þekktist á mörgum sviðum hérlendis áður fyrr.

Vörugjaldskerfi bifreiða er flókið og illskiljanlegt og ýmsar glufur á kerfinu gera það að verkum að það getur verið til mikils að vinna að eyða tíma í það að ná áttum í vörugjalfafrumskóginum. Há vörugjöld auka einnig líkur á ýmis konar misnotkun við innflutning á notuðum og nýjum bifreiðum. Þess ber jafnframt að geta að í þeim bifreiðum sem falla undir hærra vörugjaldið eru oftast bifreiðar sem eru betur útbúnar af öryggis- og mengunarvarnarbúnaði. Skattlagningin stýrir því kaupendum óneitanlega í átt að bifreiðum sem eru verr búnar. Ef engar undanþágur væru í gildi frá vörugjöldum og 15% vörugjald legðist á allar bifreiðar má áætla að tekjur ríkisins af vörugjöldum af ökutækjum hefðu verið tæplega 3,5 milljarðar í stað rúmlega 5 milljarða á árinu 2005.

Þar sem um tvö skattþrep er að ræða eins og hér á landi, verður skattkerfið enn flóknara í framkvæmd, sérstaklega þegar um er að ræða blandaða þjónustu, þ.e. þar sem um er að ræða kaup og sölu á vörum og þjónustu af báðum skattþrepum.

Þegar skattþrepin eru tvö koma alltaf upp vandamál þegar ákvarða þarf hvar mörkin milli skattþrepa eiga að liggja. Sem dæmi um slík vandamál, þá eru matvæli almennt í lægra skattþrepinu, 14%, en sælgæti á að vera í almenna skattþrepinu 24,5%. Hvar liggja nákvæmlega mörkin á milli matvæla og sælgætis? Hvorum megin á kex að vera? Súkkulaðikex? Hafrakex? Hafrakex með súkkulaðikremi? Vandinn er ærinn að ákvarða hvar draga eigi markalínu.

Þar að auki verður allt eftirlit með kerfinu mun flóknara þegar skattþrepin eru tvö. Í einu þepi er tiltölulega einfalt að hafa eftirlit með starfseminni þar sem bein tengsl eru á milli veltu, aðfanga og virðisaukaskattts. Við tvö þrep flækist

eftirlitið töluvert, sérstaklega í þeim fyrirtækjum þar sem vara og þjónusta er á báðum þrepum. Þá er þetta einfalda samband rofið og kafa þarf dýpra til að skoða hvort viðkomandi fyrirtæki greiðir virðisauka af réttri fjárhæð. Í ofanálag er líklegra að mistök eigi sér stað innan flókins kerfis

## Verum á verði gagnvart skattahækkunum

Þegar virðisaukaskatturinn tók við af söluskattinum stóð til í upphafi að hafa skattinn 22% og var hann þannig ákveðinn með lögum. Áður en blekið á hinum nýju virðisaukaskattslögum var þornað og lögin ekki komin til framkvæmda, var skatturinn hins vegar hækkaður í 24,5%, sem er með því hæsta sem gerist í heiminum. Þegar litið er til þess að forveri virðisaukaskattsins, söluskatturinn, var í upphafi 2% þá er þróunin augljóslega í átt að sífellt meiri skattheimtu.

Einnig er vert að benda á að fyrir breytingu á kerfinu var við lýði sérstakur 12% söluskattur sem lagðist á alla sérfræðiþjónustu, en hækkaði í einni svipan í 24,5%

Verslunarráð Íslands vill að stefnt verði að því að taka upp eitt skattþrep í virðisaukaskattskerfinu. Undanþágum verði fækkað og jafn 15% virðisaukaskattur lagður á alla vörur og þjónustu að undanskilinni heilbrigðisþjónustu.

Verslunarráð Íslands áréttar mikilvægi þess að hvers kyns undanþágur og afslættir innan virðisaukaskattkerfisins verði samhliða skattalækkunum teknir til endurskoðunar, enda má finna aragrúa hvers kyns undanþága í virðisaukaskattskerfinu, t.a.m. endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á húsnæði einstaklinga.

## Áhrif breytingatillagna Verslunarráðs

Tillögur að umbótum á virðisaukaskattskerfinu einfalda kerfið um leið og þær minnka hvata til undanskota. Þær miða að breikun tekjustofna enda full ástæða til að gaumgæfa hvort eðlilegt er að breikka virðisaukaskattstofninn samhliða einföldun kerfisins án þess þó að Verslunarráð taki afstöðu til breytinga á einstaka vöru- og þjónustuþáttum. Að mati ráðsins er mikið unnið með einfaldara virðisaukaskattkerfi enda tæplega heppilegt að ríkisvaldið nýti skattkerfið sem tæki til neyslustýringar.

Alla umræðu um einföldun virðisaukaskattkerfisins verður að skoða í samhengi við ofangreindar breytingartillögur á tekjuskattskerfinu. Vaxandi ráðstöfunarþáttur atvinnutekna í sambland við almenna og breiðari skattstofna eru eftirsóknarverðir eiginleikar skattkerfis og Verslunarráð telur að miklu megi fórn til að svo verði og ráðið gerir sér fyllilega grein fyrir að umbótunum verður ekki komið á yfir nótt. Að mörgu er að hyggja og skoða þarf nánar kostnað og ábata við hugmyndir ráðsins. Hvernig sem á málið er litið er hins vegar mikilvægt að tekið verði upp eitt samræmt virðisaukaskattþrep í stað þeirra tveggja sem nú eru við lýði.

Viðbúið er að hlutfallslegar skatttekjur ríkissjóðs af neyslusköttum geti aukist umtalsvert við kaupmáttaraukningu ráðstöfunartekna sem vegi upp á móti tekjutapi vegna lægra skatthlutfalls.

## Allar vörur og þjónusta bera virðisaukaskatt

Það gleymist oft í umræðunni að allar vörur og þjónusta bera virðisaukaskatt, þrátt fyrir að einstaka flokkar séu ekki virðisaukaskattskyldir. Það skýrist af því að þessir flokkar bera allan innskatt af aðkeyptum aðföngum. Öfugt við útflutningsgreinarnar geta aðilar sem starfa innan þessara greina ekki fengið innskattinn endurgreiddan frá ríkissjóði — þannig að ekki er loka fyrir það skotið að afkoma í greinunum geti batnað við upptöku á flötu virðisaukaskattshlutfalli eins og tillögur Verslunarráðs gera ráð fyrir.

Lækkun tekjuskattsprósentu í 15% og í áföngum á virðisaukaskatti í 15% veldur samdrætti á tekjum ríkissjóðs — hið minnsta til skamms tíma. Lækkun á tekjum ríkissjóðs er hins vegar hægt að hagnýta sem fyrirtaks hvata að sparnaði og ráðdeild í ríkisrekstri sem er til þess fallinn að auka vaxtartækifæri í framtíð og stuðla öðru fremur að bættum hag landsmanna.

## Vöxtur samneyslu

Skattalaekkanir eru grunnforsenda uppstokkunar í ríkisfjármálum. Rík ástæða er til að huga að sívaxandi þetti samneyslu. Þannig var hlutur samneyslu af landsframleiðslu árið 2003 um 35,4% og hefur þetta hlutfall ekki verið hærra í annan tíma. Hvati til virðisaukaskattalaekkanna er ríkur vegna hás hlutfalls samneyslu á Íslandi. Þannig er áætlað að um fjórðungi samneyslunnar sé varið í fjárfestingar á virðisaukaskattskyldum vörum og til þessa verður að líta við mat á kostnaði við lækkanir á virðisaukaskatti.

## Tekjuskattur fyrirtækja 15%

Árið 1991 skiliðu tekjuskattar fyrirtækja um það bil 5 milljörðum króna í ríkissjóð. Árið 2000 var sú fjárhæð komin upp í um 10 milljarða króna (hvort

tveggja reiknað á verðlagi ársins 2000) og árið 2004 er gert ráð fyrir að tekjuskattar á lögaðila skili ríkissjóði um 11,7 milljörðum króna. Á þessum tíma hefur skatthlutfallið hins vegar lækkað úr 45% niður í 18%. Þótt hluta skýringarinnar megi án efa rekja til efnahagsuppsveiflu sem hófst á síðari hluta tíunda áratugarins má á móti færa fyrir því gild rök, að skattalækkunin hafi einmitt átt þátt í bættri afkomu fyrirtækjanna, sem síðan skilaði verulega auknum skattgreiðslum til ríkissjóðs. Að sama skapi má færa rök fyrir því að sökum galla kerfisins séu fjárfestingar fyrirtækja á tíðum ákvarðaðar af skattalegu hagræði en ekki vegna hagræns gildis þeirra fyrir rekstur.

Í eftirfarandi töflu má sjá að samkeppnisstaða Íslands er ágæt þegar kemur að tekjusköttum á fyrirtæki. Þó er ljóst að samkeppnisstaða Íslands var betri fyrir tveimur árum en nú þar sem mörg ríki hafa á undanförnum misserum lækkað umtalsvert tekjuskatt fyrirtækja. Á listanum eru sjö ríki sem hafa lægra tekjuskattshlutfall en Ísland – eru þá ekki talin upp ýmis önnur ríki utan EES sem hafa svipað eða lægra skatthlutfall, s.s. Hong Kong (17,5%), Rússland (24%), Chile (17%), Saudi Arabia (20%) Sviss (24,1%), Pólland (19%), Slóvakía (19%) og Singapúr (22%).

## Samanburður á tekjuskattshlutföllum fyrirtækja innan EES-landa

EES-land	Tekjuskattshlutfall	EES-land	Tekjuskattshlutfall
Austuríki.....	25%	Króatía	20,32%
Belgía .....	33,99%	Kýpur	10%
Bretland .....	30%	Lúxembúrg	30,38%
Danmörk .....	30%	Makedónía	15%
Eistland .....	24%	Malta	35%
Finnland .....	29%	Mónakó	33,33%
Frakkland.....	34,3%	Noregur	28%
Holland .....	29/34,5%	Slóvenía	10 / 25%
Ísland .....	18 / 26%	Svíþjóð	28%
Írland .....	12,5%	Ungverjaland	16%
Mön.....	10/15/18%	Þýskaland	38,29%

Á undaförnum áratug hefur mikið og gott verk verið unnið í íslenskri skattalöggjöf. Hagsæld og vöxt íslenskra fyrirtækja má að mörgu leyti rekja til hagstæðs ytra umhverfis í hagkerfinu. Verslunarráð Íslands telur að frekari velmegun hvíli á þeirri stoð að skattaumhverfið verði einfaldað og ríkissjóður treysti í auknum mæli á breiða og jafna tekjustofna.



## 6. Ísland sem forystuland

Menn hafa mismunandi skoðanir á því hvert hlutverk ríkisins eigi almennt að vera. Öllum má þó vera ljóst að án góðrar samkeppnisstöðu landsins verður lítið svigrúm til þeirra verkefna sem ákveðið er að ríkið hlutist til um. Velferð Íslendinga hvílir einfaldlega á árangri þjóðarinnar við að skapa verðmæti. Því betri umgjörð sem fólk og fyrirtækjum er búin, því meiri verður hagsæld þjóðarinnar til lengri tíma litið.

Skýr stefna og einbeittur vilji til þess að fá hingað til lands erlenda fjárfestingu getur áorkað miklu. Það hefur sýnt sig í stefnumörkun stjórnvalda á sviði stóriðju. Ef viljinn er fyrir hendi og skýrum markmiðum um að efla Ísland sem höfn höfuðstöðva íslenskra sem erlendra fyrirtækja er fylgt eftir, er ekkert sem getur komið í veg fyrir að Ísland verði forystuland á sviði fjármála og alþjóðaviðskipta.

Í þeirri hugmyndavinnu sem fram fór við gerð þessarar skýrslu beindu menn sjónum sínum fljótt að nokkrum meginatriðum sem Verslunarráð telur vert að líta til við móturn framtíðarsýnar fyrir íslenskt viðskiptalíf.

## Flatur skattur

Skattkerfið verður æ flóknara með hverju árinu sem líður. Í þessari skýrslu hefur verið kynnt hugmynd um 15% flatan skatt og lögð á það áhersla að breikka skattstofna. Þannig má einfalda skattkerfið og gera það gegnsærra, öflugra og skilvirkara.

## Höfn höfuðstöðva

Í þessari skýrslu hefur Íslandi verið fengið hlutverk sem höfn höfuðstöðva íslenskra og erlendra fyrirtækja. Íslensk stjórnvöld og íslenskt atvinnulíf þurfa að taka höndum saman með það að markmiði að leita leiða til að ná samkeppnisforskoti á aðrar þjóðir. Íslendingar eiga óhikað að bera sig saman við þau lönd sem best standa sig í þessum efnum, svo sem eins og Holland, Sviss og Írland.

## 15% landið Ísland

Verslunarráð leggur til að skattar verði hér almennt 15%. Tekjuskattur einstaklinga, fyrirtækja og virðisaukaskatturinn verði þannig samræmdur. Með því er Verslunarráð sannfært um að skattkerfið verði gegnsærra, skilvirkara og þjóðféluginu öllu hvatning til aukinnar framleiðni. Verslunarráð varar við hræðsluárðri um refsiaðgerðir annarra ríkja eða alþjóðastofnana í kjölfar skattalaekkana. Skattalaekkanir sem gagnast bæði innlendum og erlendum aðilum hér á landi brjóta engan veginn í bága við hagsmuni Íslendinga á alþjóðavettvangi, nema síður sé.

Nýlegar kannanir benda til þess að hér á landi séu hlutfallslega langtum fleiri frumkvöðlar en í nágrannalöndunum. Þann jákvæða drifkraft sem fylgir frumkvöðlum þarf að virkja. Erlendar fjárfestingar eru nauðsynlegur þáttur í slíkri uppbyggingu. Þær koma hins vegar ekki hingað til lands af sjálfu sér. Skýr framtíðarsýn og samstarf stjórnvalda og atvinnulífs verður að vera til staðar. Að því vill Verslunarráð Íslands stuðla.

15% landið Ísland verður ekki að veruleika yfir eina nótt en það er hvatning til að lækka skatthlutföll og einfalda kerfið — en ekki flækja það.